

*Freyr Þórarinnsson*

# *Ítölsk málfræði*

*[www.einmitt.is](http://www.einmitt.is)*

Rafræn útgáfa 2011

Birt á vefsetrinu [www.einmitt.is](http://www.einmitt.is)

ISBN 978-9979-72-031-7

## Formáli

Þessi bók er samin með það fyrir augum að auðvelda byrjanda að skoða málfræði ítalskrar tungu frá íslensku sjónarhorni. Helstu heimildir hafa verið ýmsar bækur um ítalska málfræði, margvíslegur fróðleikur frá ítölskum kennurum mínum, auk alls konar efnis á netinu. Bókinni er ætlað að gefa yfirlit um helstu atriði ítalskrar málfræði, en víða er þó stiklað á stóru.

Ýmislegt er ólíkt í málfræði íslensku og ítölsku; til að mynda eru nafnorð ekki fallbeygð á ítölsku, en aftur á móti eru sagnbeygingar mjög fjölskrúðugar. Ég hef reynt að haga útskýringum þannig að draga fram það sem er líkt með ítölsku og íslensku, en sumt af því orkar sjálfsagt tvímælis. Sérstaklega gæti einhverjum þótt fornfálegt að stilla upp samsettum tíðbeygingum íslenskra sagna með sama hætti og á ítölsku, en þetta þótti góð latína í mínu ungðæmi og hentar vel í þessu riti.

Á stöku stað eru tekin dæmi til skýringa úr enskri málfræði samhliða ítalskri og íslenskri. Ástæðan er þá jafnan sú, að þar á ítalska málfræðin sér meiri hliðstæðu í ensku en íslensku og mér hefur sjálfum fundist skilningsauki í því að skoða ítölskuna bæði frá enskum og íslenskum sjónarhóli.

Það má kalla það bítæfni af manni sem ekki talar mikla ítölsku að setja saman ritgerð um málfræði þessa blæbrigðaríka máls, en það sem rak mig til verksins var einfaldlega að mig vantaði svona rit og það var ekki til. Vafalaust rekast fróðir lesendur á ýmislegt sem þarfnast lagfæringa og þá væri gott að fá ábendingu frá þeim, til dæmis með tölvupósti til [freyrth@hotmail.com](mailto:freyrth@hotmail.com).

Margir hafa orðið til að hjálpa mér við þetta verk. Edda Þórarinsdóttir systir mín fékk mig af stað og hefur oft lesið textann yfir með mér. Paolo Turchi var fyrsti kennari minn í ítölsku og hjá honum fékk ég síðar bæði aðstoð og hvatningu til að ljúka við bókina. Kennarar mínir hjá Madrelingua í Bologna, þær Francesca Peretto og Paola Pedrazzi, lásu handritið yfir með mér og færðu margt til betri vegar. Þökk sé þeim öllum.

Þessi bók hefur formlega verið gefin út rafrænt, en ekki á prenti. Rafræna útgáfan er aðgengileg bæði á vefsetrinu [www.einmitt.is](http://www.einmitt.is) og sömuleiðis á vef Landsbókasafnsins. Ennfremur er á [www.einmitt.is](http://www.einmitt.is) að finna útgáfu sem hentar til prentunar.



## Efnisyfirlit

|  |    |
|--|----|
| Ritun og framburður .....                          | 1  |
| Nafnorð.....                                       | 2  |
| Fleirtala nafnorða .....                           | 2  |
| Nafnorð sem vísa til persóna .....                 | 2  |
| Óregluleg beyging nafnorða.....                    | 3  |
| Viðskeyti við nafnorð.....                         | 3  |
| Greinir .....                                      | 4  |
| Deiligreinir .....                                 | 4  |
| Samruni forsetninga við ákveðinn greini .....      | 5  |
| Lýsingarorð og atviksorð.....                      | 6  |
| Beyging lýsingarorða eftir kyni og tölu.....       | 6  |
| Atviksorð .....                                    | 6  |
| Stigbeyging lýsingar- og atviksorða.....           | 7  |
| Samanburður .....                                  | 7  |
| Viðskeytið -issimo.....                            | 8  |
| Lýsingarorðin bello, buono, grande og santo .....  | 8  |
| Molto, poco, tanto, troppo .....                   | 9  |
| Persónufornöfn .....                               | 10 |
| Persónufornöfn í nefnifalli .....                  | 10 |
| Persónufornöfn í beinu andlagi .....               | 10 |
| Persónufornöfn í óbeinu andlagi .....              | 11 |
| Beint og óbeint andlag.....                        | 12 |
| Persónufornöfn sem stýrt er af forsetningu .....   | 12 |
| Afturbeygð fornöfn.....                            | 13 |
| Samantekt um beygð persónufornöfn.....             | 13 |
| Eignarfornöfn .....                                | 14 |
| Fornöfnin <i>si</i> , <i>ci</i> og <i>ne</i> ..... | 15 |
| Fornafnið <i>si</i> .....                          | 15 |
| Fornafnið <i>ci</i> .....                          | 15 |
| Fornafnið <i>ne</i> .....                          | 16 |
| Ýmis önnur fornöfn .....                           | 17 |
| Tilvísunarfornöfn.....                             | 17 |
| Ábendingarfornöfn .....                            | 17 |
| Spurnarfornöfn .....                               | 18 |
| Óákveðin fornöfn .....                             | 19 |
| Forsetningar.....                                  | 21 |
| a .....  | 21 |
| con .....  | 21 |
| da .....   | 21 |
| di.....  | 22 |
| fra og tra .....                                   | 22 |
| in.....  | 22 |
| per.....   | 23 |

|   |    |
|---|----|
| su .....  | 23 |
| Aðrar forsetningar .....  | 24 |
| Neitanir og upphrópanir .....   | 25 |
| Neitanir .....  | 25 |
| Upphrópanir .....   | 25 |
| Tölur og dagsetningar .....   | 26 |
| Um sagnbeygingar .....  | 28 |
| Hættir sagna .....  | 28 |
| Tíðir sagna .....   | 28 |
| Notkun tíða í ítölsku .....   | 29 |
| Framsöguháttur – ósamsettar tíðir .....                                   | 30 |
| Nú tíð reglulegra sagna .....   | 30 |
| Þá tíð reglulegra sagna .....   | 30 |
| Fram tíð reglulegra sagna .....   | 31 |
| Sagnirnar <i>avere</i> og <i>essere</i> .....                             | 31 |
| Lýsingarhættir .....  | 32 |
| Lýsingarháttur þá tíðar .....   | 32 |
| Lýsingarhættir nútíðar .....  | 32 |
| Afmörkuð þá tíð og aðrar liðnar tíðir .....                               | 34 |
| Núliðin tíð – afmörkuð þá tíð .....                                       | 34 |
| Þáliðin tíð og þáframtíð .....  | 35 |
| Skildagatíð og viðtengingarháttur .....                                   | 36 |
| Skildagatíð .....   | 36 |
| Viðtengingarháttur nútíðar og þá tíðar .....                              | 36 |
| Sagnirnar <i>avere</i> og <i>essere</i> .....                             | 37 |
| Samsettar tíðir .....   | 38 |
| Boðháttur og nafnháttur .....   | 39 |
| Boðháttur .....   | 39 |
| Nafnháttur .....  | 39 |
| Sérstakar sagnir .....  | 40 |
| Háttarsagnir .....  | 40 |
| Ópersónulegar sagnir .....  | 40 |
| Afturbeygðar sagnir .....   | 41 |
| Sagnirnar <i>stare</i> og <i>essere</i> .....                             | 41 |
| Sögnin <i>fare</i> .....  | 41 |
| Sögnin <i>sentire</i> .....   | 42 |
| Reglulegar sagnir .....   | 43 |
| Yfirlit um endingar reglulegra sagna í framsöguhátti og skildagatíð ..... | 43 |
| Beygingar reglulegra sagna í ósamsettum tíðum .....                       | 44 |
| Óreglulegar sagnir .....  | 46 |

## Ritun og framburður

Ítalskt ritmál kemst af með færri stafi en við eigum að venjast, aðeins 21 talsins. Bókstafirnir *j, k, w, x* og *y* eru ekki notaðir nema í erlendum tökuorðum og eru því ekki taldir með ítalska stafrófinu. Þegar stafa þarf orð er það gert nokkurn veginn svona:

|   |             |   |             |   |               |   |                         |
|---|-------------|---|-------------|---|---------------|---|-------------------------|
| a | <i>a</i>    | h | <i>akka</i> | q | <i>kú</i>     | j | <i>í lúnga</i>          |
| b | <i>bí</i>   | i | <i>í</i>    | r | <i>erre</i>   | k | <i>kappa</i>            |
| c | <i>tsjí</i> | l | <i>elle</i> | s | <i>esse</i>   | w | <i>doppía vú</i>        |
| d | <i>dí</i>   | m | <i>emme</i> | t | <i>tí</i>     | x | <i>íks</i>              |
| e | <i>e</i>    | n | <i>enne</i> | u | <i>ú</i>      | y | <i>ípsilon, í greka</i> |
| f | <i>effe</i> | o | <i>o</i>    | v | <i>vú, ví</i> |   |                         |
| g | <i>djí</i>  | p | <i>pí</i>   | z | <i>tseita</i> |   |                         |

Eins og sést hér fyrir ofan er *v* ýmist nefnt *ví* eða *vú* og er hvort tveggja rétt. Stafurinn *y* er sömuleiðis ýmist nefndur *ípsilon* eða *í greka* (grískt *i*). Þau hljóð sem erfiðast er að lýsa eru *c, g* og *z*. Margir kunna að bera fram ítölsku kveðjuna *ciao* (tsjá) og það er ágætt dæmi um *c* hljóðið. Stafurinn *g* er nefndur með mjúku hljóði eins og í enska mannsnafninu *George*. Stafurinn *z* er borinn fram með því að tungubroddurinn snertir framtennur í efri góm og gefur snarpt blásturshljóð, *ts*.

Óhætt er að segja að ritun og framburður ítölsku fylgist vel að. Allir ritaðir sérhljóðar eru bornir fram en renna auðvitað dálítið út í eitt þegar þeir standa saman, til að mynda í hinni velþekktu kveðju *ciao*, (tsjá), þar sem *iao* verður að *já*-hljóði. Tvöfaldir samhljóðar eru bornir fram með aukinni áherslu og lengd, til að mynda eru orðin *pane* og *panna* borin fram rétt eins og að íslenskum lestrarhætti.

Sérhljóðarnir *a, i* og *u* eru alltaf bornir fram eins og í orðunum *kaf, líf* og *mús*. Sérhljóðarnir *e* og *o* hafa hvor um sig tvennskonar framburð sem er kallaður opinn og lokaður; opinn framburður er eins og íslenskt *e* og *o* (*flet* og *bord*) en lokaður er líkari *ei* og *ó* (*geit* og *jól*). Í áherslulausum atkvæðum er framburðurinn venjulega lokaður, en í áhersluatkvæðum er hvort tveggja til: *soma* er borið fram *sóma* en *somma* er borið fram *somma*.

Undantekningar um framburð samhljóða frá því sem íslenskur lesandi mundi vænta eru helst þessar:

- Samstöfurnar *-gn-* og *-gli-* eru ekki bornar fram með *g*-hljóði heldur sem *-ní-* og mjúkt *-lí-*. Dæmi: *Bagno* er borið fram *baníó* og *figlio* er borið fram *filíó*.
- Bæði *c* og *g* eru hörð hljóð (borin fram eins og *k* í *kaf* og *g* í *gat*) nema á undan *e* og *i*; þá eru þetta mjúk hljóð (*c* verður *tsj* eins og í enska orðinu *change*, og *g* verður *dj* eins og í nafninu *George*). Dæmi: *Cara* og *gara* eru borin fram *kara* og *gara*, en *cera* og *giro* eru borin fram *tsjera* og *djíró*.
- Samstafan *sc-* er einnig borin fram mjúkt á undan *e* og *i* (líkt og í *shoes* á ensku), en annars er framburðurinn harður. Dæmi: *Scendere* er borið fram *sjendere*, en *schuola* er borið fram *skúola*.
- Bókstafurinn *h* er hljóðlaus, ekki borinn fram. Honum er skotið á milli þegar rita þarf hart *g* eða *c* á undan *e* eða *i*. Dæmi: *Chianti* er borið fram *Kíantí* (eða *Kjantí*); *spaghetti* er borið fram *spagetti*.
- Stafurinn *q* stendur ætíð með *u* og *qu-* er borið fram *kv-*. Dæmi: *Quarto* er borið fram *kvartó*.

Áhersla er oftast höfð á næst-síðasta atkvæði þegar orð eru lengri en eitt atkvæði. Undantekningar frá því eru margar, ekki síst í gamalgrónum staðanöfnum: *Padua, Portovenere*. Ennfremur er áhersla í sögnum á þriðja síðasta atkvæði í þriðju persónu fleirtölu: *parlano, finiscono*. Loks hafa ýmis orð áherslu á aftasta atkvæði, en það er þá merkt með höggi yfir sérhljóðanum: *caffè, virtù*.

Loks er að nefna að í eins atkvæðis orðum er högg yfir sérhljóða notað til að þekkja sundur nokkur algeng orð sem hafa sama framburð. Dæmi: *da* = frá, *dà* = gefur; *e* = og, *è* = er; *si* = sig, *sì* = já.

## Nafnorð

Ítölsk nafnorð hafa einungis tvö kyn, karlkyn og kvenkyn. Á ítölsku er notað karlkyn þegar vísað er til ótilgreindra hluta (þegar á íslensku er notað hvorugkynsorðið *það*) og sömuleiðis er blandaður félags- skapur kynjanna hafður í karlkyni.

Flest ítölsk nafnorð enda á *-o*, *-a* eða *-e* í eintölu. Undantekningar eru helst erlend tökuorð (*bar*, *film*, *computer*) sem eru yfirleitt höfð karlkyns. Almenna reglan er að orð sem enda á *-o* eru karlkyns, orð sem enda á *-a* eru kvenkyns, en orð sem enda á *-e* eru ýmist karlkyns eða kvenkyns.

**Fleirtala nafnorða** er mynduð með því að breyta aftasta sérhljóðanum:

|            | Eintala | Fleirtala |
|------------|---------|-----------|
| Karlkyn    | -o      | -i        |
| Kvenkyn    | -a      | -e        |
| Bæði kynin | -e      | -i        |

Nokkur dæmi:

|             |          |        |             |         |        |
|-------------|----------|--------|-------------|---------|--------|
| un fratello | fratelli | bróðir | una sorella | sorelle | systir |
| un treno    | treni    | lest   | una chiesa  | chiese  | kirkja |
| un cane     | cani     | hundur | una valle   | valli   | dalur  |
| un nome     | nomi     | nafn   | una notte   | notti   | nótt   |

Orð sem enda á *-ca* og *-ga* halda harða hljóðinu í fleirtölu og endingin er því rituð *-che* og *-ghe*:

|          |           |        |
|----------|-----------|--------|
| la barca | le barche | bátur  |
| la ruga  | le rughe  | hrukka |

Flest orð sem enda á *-co* og *-go* halda líka sínu harða hljóði:

|          |          |                  |
|----------|----------|------------------|
| il parco | i parchi | almenningsgarður |
| il lago  | i laghi  | stöðuvatn        |

en þó ekki öll (til að mynda ekki þau sem hafa áherslu á þriðja síðasta sérhljóða):

|                   |                  |        |
|-------------------|------------------|--------|
| il <u>m</u> edico | i <u>m</u> edici | læknir |
|-------------------|------------------|--------|

**Nafnorð sem vísa til persóna** hafa stundum bæði kvenkyns og karlkyns útgáfu. Algengast er þá að karlkynsorðið endi á *-o* eða *-e* en kvenkynsorðið á *-a*:

|            |         |            |         |
|------------|---------|------------|---------|
| il cugino  | frændi  | la cugina  | frænka  |
| il nonno   | afi     | la nonna   | amma    |
| il signore | herra   | la signora | frú     |
| il padrone | eigandi | la padrona | eigandi |

Stundum er kyn persónu tilgreint með því að hnýta kvenkynsendingu aftan við karlkynsorð:

|               |                  |                  |
|---------------|------------------|------------------|
| il professore | la professoressa | prófessor        |
| lo studente   | la studentessa   | stúdent/stúdína  |
| l'attore      | l'attrice        | leikari/leikkona |

Sum orð sem enda á *-e* eru eins í báðum kynjum:

|               |                |                                |
|---------------|----------------|--------------------------------|
| un insegnante | una insegnante | kennari                        |
| il nipote     | la nipote      | frændinn/ frænkan, barnabarnið |

Og loks eru fáein kvenkynsorð notuð um persónur af báðum kynjum:

|            |                         |
|------------|-------------------------|
| la persona | persóna                 |
| la guida   | ökumaður, leiðsögumaður |
| la vittima | fórnarlamb              |



**Óregluleg beyging nafnorða** víkur frá þeirri meginreglu að endingarnar *-o*, *-a*, *-e* í eintölu verði í fleirtölu *-i*, *-e*, *-i*.

Orð sem hafa áherslu á aftasta atkvæði eru eins í eintölu og fleirtölu. Þau eru rituð með höggi yfir aftasta bókstafnum, *-à*, *-è*, *-ò*:

|               |               |          |
|---------------|---------------|----------|
| la città      | le città      | borg     |
| la difficoltà | le difficoltà | vandræði |
| il caffè      | i caffè       | kaffi    |
| la virtù      | le virtù      | dyggð    |

Orð af erlendum uppruna sem ekki falla inn í ítalska beygingakerfið eru líka óbreytt í fleirtölu:

|             |            |            |
|-------------|------------|------------|
| il film     | i film     | kvikmynd   |
| il computer | i computer | tölva      |
| la hostess  | le hostess | flugfreyja |

Næstum öll orð sem enda á *-ma* eru karlkyns og enda í fleirtölu á *-mi*:

|              |             |                 |
|--------------|-------------|-----------------|
| il problema  | i problemi  | vandamál        |
| il programma | i programmi | dagskrá, forrit |
| l'aroma      | gli aromi   | ilmur           |

nema til dæmis:

|            |            |              |
|------------|------------|--------------|
| il cinema  | i cinema   | kvikmyndahús |
| la vittima | le vittime | fórnarlamb   |

Fáein orð (af gömlum stofni) sem eru karlkyns í eintölu og enda á *-o*, eru kvenkyns í fleirtölu og enda þar á *-a*:

|            |            |            |
|------------|------------|------------|
| l'uovo     | le uova    | egg        |
| il braccio | le braccia | handleggur |
| il dito    | le dita    | fingur     |
| il paio    | le paia    | par        |

**Viðskeyti við nafnorð** eru vinsæl í ítölsku og hafa svipuð áhrif og lýsingarorð. Ekki er samt hægt að skeyta þeim aftan við öll nafnorð. Helstu gerðir viðskeyta eru eftirfarandi.

Smækkunarendingar, algengastar eru *-ino* / *-ina* og *-etto* / *-etta*:

|              |           |               |                      |
|--------------|-----------|---------------|----------------------|
| il cucchiaio | matskeið  | il cucchiaino | teskeið              |
| il tavolo    | borð      | il tavolino   | lítið borð, sófaborð |
| la ragazza   | stúlka    | la ragazzina  | smástelþa            |
| il lago      | stöðuvatn | il laghetto   | lítið vatn, pollur   |
| la isola     | eyja      | la isoletta   | smáeyja              |

Stækkunarendingin *-one*. Öll orð sem nota hana verða við það karlkyns:

|              |          |               |                   |
|--------------|----------|---------------|-------------------|
| il cucchiaio | matskeið | il cucchiaino | stór skeið, sleif |
| il ragazzo   | drengur  | il ragazzone  | stór strákur      |
| la borsa     | poki     | il borsone    | stór poki         |
| la scarpa    | skór     | lo scarpone   | grófir klossar    |

Neikvæða endingin *-accio* / *-accia* merkir að eitthvað er ómögulegt eða ónýtt:

|            |         |                |             |
|------------|---------|----------------|-------------|
| il ragazzo | drengur | il ragazzaccio | stráskratti |
| la barca   | bátur   | la barcaccia   | bátskrifli  |

## Greinir

Ítölsk nafnorð hafa lausan greini. Óákveðni greinirinn er bara notaður með orðum í eintölu, en ákveðni greinirinn er notaður bæði í eintölu og fleirtölu. Þetta er sama fyrirkomulag og í ensku, en íslenskan hefur engan óákveðinn greini og sá ákveðni er oftast viðskeyti:

|                    | Ítalska   | Enska     | Íslenska |
|--------------------|-----------|-----------|----------|
| Óákveðin eintala   | una donna | a woman   | kona     |
| Óákveðin fleirtala | donne     | women     | konur    |
| Ákveðin eintala    | la donna  | the woman | konan    |
| Ákveðin fleirtala  | le donne  | the women | konurnar |

Ákveðni og óákveðni greinarnir eru nokkuð fjölbreytilegir; þeir eru ekki eins í eintölu og fleirtölu, ekki eins í karlkyni og kvenkyni og loks stjórnar upphafshljóð orðsins sem greinirinn stendur með líka mynd hans. Þessum áhrifum upphafshljóða má skipta í tvennt:

- Orð sem hefjast á **sérhljóða** taka öðruvísi greini með sér en orð sem hefjast á **samhljóða**.
- Karlkyns orð sem hefjast á **óhreinu s-hljóði** eða á samstöfunum **gn-** og **ps-** taka sérstakan greini með sér. Svokölluð óhrein s-hljóð eru s+samhljóði (*sc, sn, sp, st, ...*) og bókstafirnir *z* og *x*.

Óákveðinn greinir er svona:

|         | Eintala | Notkun            |
|---------|---------|-------------------|
| Kvenkyn | una     | á undan samhljóða |
| Karlkyn | un      | á undan samhljóða |
| Kvenkyn | un´     | á undan sérhljóða |
| Karlkyn | uno     | á undan óhreinu s |

Ákveðinn greinir er svona:

|         | Eintala | Fleirtala | Notkun            |
|---------|---------|-----------|-------------------|
| Kvenkyn | la      | le        | á undan samhljóða |
| Karlkyn | il      | i         | á undan samhljóða |
| Kvenkyn | l´      | le        | á undan sérhljóða |
| Karlkyn | l´      | gli       | á undan sérhljóða |
| Karlkyn | lo      | gli       | á undan óhreinu s |

Nokkur dæmi um ákveðinn og óákveðinn greini:

|         | Óákveðinn     | Ákveðinn, eintala | Ákveðinn, fleirtala |
|---------|---------------|-------------------|---------------------|
| fálki   | un falcone    | il falcone        | i falconi           |
| ár      | un anno       | l´anno            | gli anni            |
| stúdent | uno studente  | lo studente       | gli studenti        |
| kona    | una donna     | la donna          | le donne            |
| árás    | un´ offensiva | l´offensiva       | le offensive        |

**Deiligreindir** er ekki til í íslensku, en í ítölsku er hann notaður til þess að vísa til ótiltekens magns af ákveðinni heild: *Ég vil fá af þessu*. Á ensku er orðið *some* oft notað sem þannig deiliorð:

Ítalska: Vorrei della carne  
Enska: I would like some meat  
Íslenska: Ég vildi gjarnan fá af kjötinu

Í ítölsku verður deiligreindir í rauninni til við **samruna** forsetningarinnar *di* og ákveðins greinis, en við samrunann breytist *di* í *de-*. Taflan hér á eftir sýnir þennan samruna:

| Eintala |   |       | Fleirtala |   |       |
|---------|---|-------|-----------|---|-------|
| di + il | → | del   | di + i    | → | dei   |
| di + lo | → | dello | di + gli  | → | degli |
| di + la | → | della | di + le   | → | delle |
| di + l' | → | del'  |           |   |       |

Deiligreininir er endurtekinn á undan hverju orði í upptalningu, enda beygist hann með kyni og tölu hvers orðs:

|  |  |
|--|--|
| Avete <u>dell'</u> acqua frizzante?                | Hafið þið vatn með gosi?                             |
| Vorrei <u>del</u> latte e <u>dello</u> zucchero    | Ég vil gjarnan mjólk og sykur                        |
| Mi dà <u>dei</u> fagiolini e <u>degli</u> asparagi | Látið mig hafa dálítið af grænum baunum og af aspasi |

Deiligreini er oft sleppt í daglegu tali, einkum þegar magnið skiptir ekki máli:

|                                       |                                    |
|---------------------------------------|------------------------------------|
| Avete acqua frizzante?                | Hafið þið vatn með gosi?           |
| Con la prima colazione c'è caffè o tè | Með morgunverðinum er kaffi eða te |

Deiligreininir er ekki hafður með neitun í setningu:

|                            |                              |
|----------------------------|------------------------------|
| No ho comprato sale e pepe | Ég keypti ekki salt og pipar |
| Non c'è panna              | Það er engin rjómi           |

## Samruni forsetninga við ákveðinn greini

Algeng orðaröð er að forsetning fari á undan nafnorði með ákveðnum greini: *Tremo per il freddo – Ég skelf vegna kuldans*. Nokkrar algengustu forsetningarnar renna undir þessum kringumstæðum saman við ákveðna greinin, rétt eins og þegar *di* myndar deiligreini. Þessar forsetningarnar eru *a*, *da*, *di*, *in* og *su* (um merkingu þeirra er fjallað ítarlega í kafla um forsetningar, bls. 21). Í samrunanum breytist *di* í *de-* og *in* verður *ne-*, en að öðru leyti er þetta eins fyrir allar forsetningarnar:

|           | il  | lo    | la    | l'    | i   | gli   | le    |
|-----------|-----|-------|-------|-------|-----|-------|-------|
| <b>a</b>  | al  | allo  | alla  | all'  | ai  | agli  | alle  |
| <b>da</b> | dal | dallo | dalla | dall' | dai | dagli | dalle |
| <b>di</b> | del | dello | della | dell' | dei | degli | delle |
| <b>in</b> | nel | nello | nella | nell' | nei | negli | nelle |
| <b>su</b> | sul | sullo | sulla | sull' | sui | sugli | sulle |

|                                |  |
|--------------------------------|--|
| Andiamo allo zoo               | Förum í dýragarðinn                      |
| È lontano dai negozi           | Það er langt frá búðunum                 |
| Prendo la giacca della ragazza | Ég tók jakka stúlkunnar                  |
| Il pranzo è incluso nel prezzo | Hádegisverðurinn er innifalinn í verðinu |
| Sulla pianta della città è qui | Á kortinu af borginni er það hér         |

## Lýsingarorð og atviksorð

Lýsingarorð og atviksorð eiga það sameiginlegt að tiltaka nánar um merkingu orða. Munurinn er sá að lýsingarorð standa með nafnorðum eða öðrum fallorðum og beygjast eftir kyni og tölu, en atviksorð beygjast ekki og standa ekki með nafnorðum. Dæmi um lýsingarorð: *Súpan er góð og fiskurinn er góður*. Dæmi um atviksorð: *Honum líður illa og henni líður illa*.

Í íslensku er almenna reglan sú að lýsingarorðið stendur á undan nafnorðinu, *rauða húsið*, en í ítölsku kemur það oftast á **eftir** nafnorðinu, *la casa rossa*. Þessu er þó stöku sinnum snúið við til að undirstrika lýsingarorðið: *la rossa casa – húsið rauða*.

Staða atviksorða í setningum er svipuð í íslensku og ítölsku. Ef þau standa með lýsingarorði koma þau á undan því, en á eftir sögn ef þau standa með henni: *Arrivo puntualmente, sono molto puntuale – Ég kem stundvíslega, ég er mjög stundvís*.

**Beyging lýsingarorða eftir kyni og tölu** er eins og beyging nafnorða. Lýsingarorð í eintölu enda nánast öll á *-o*, *-a* eða *-e*, rétt eins og nafnorð, og samsvarandi fleirtöluending er þá *-i*, *-e* og *-i*. Lýsingarorð sem enda á *-e* í eintölu eru eins í karlkyni og kvenkyni, en hin hafa endingu í samræmi við kyn sitt.

Eftirfarandi eru dæmi um lýsingarorð sem ekki eru eins í karlkyni og kvenkyni:

|        | Eintala | Fleirtala |        | Eintala | Fleirtala |
|--------|---------|-----------|--------|---------|-----------|
| frægur | famoso  | famosi    | fræg   | famosa  | famose    |
| lítill | piccolo | piccoli   | lítill | piccola | piccole   |
| rauður | rosso   | rossi     | rauð   | rossa   | rosse     |

Eftirfarandi lýsingarorð eru dæmi um þau sem eru eins í báðum kynjum:

|             | Eintala   | Fleirtala |
|-------------|-----------|-----------|
| sterk(ur)   | forte     | forti     |
| íslensk(ur) | islandese | islandesi |
| græn(n)     | verde     | verdi     |

Fáein lýsingarorð eru eins í eintölu og fleirtölu, flest þeirra nöfn lita. Dæmi:

|         |           |         |            |
|---------|-----------|---------|------------|
| viola   | fjólublár | rosa    | bleikur    |
| marrone | brúnn     | beige   | drapplitað |
| blu     | blár      | arrostó | grillaður  |

**Atviksorð** eru oft mynduð úr lýsingarorðum með því að skeyta við þau endingunni *-mente* (eins og gert er í ensku með endinunni *-ly*: *bad, badly; regular, regularly*). Algengast er að endingunni sé bætt aftan við kvenkyns beygingu lýsingarorðsins:

|           | Lýsingarorð | → | Kvenkyn  | → | Atviksorð             |
|-----------|-------------|---|----------|---|-----------------------|
| fljótur   | rapido      |   | rapida   |   | rapidamente fljótt    |
| einfaldur | semplice    |   | semplice |   | semplicemente einfalt |

Þegar lýsingarorðin enda á sérhljóði + *le* eða sérhljóði + *re* er aftasta *e* sleppt á undan viðskeytinu:

|            | Lýsingarorð | → | Atviksorð              |
|------------|-------------|---|------------------------|
| auðveldur  | facile      |   | facilmente auðvelt     |
| reglulegur | regolare    |   | regolarmente reglulegt |

Að sjálfsgöðu eru líka til mörg atviksorð sem ekki eru mynduð úr lýsingarorðum:

|  |   |
|--|---|
| Sto bene. Vado sempre in palestra.           | Ég hef það gott. Ég fer alltaf í ræktina.     |
| Vado spesso alla piscina. Non ho mai freddo. | Ég fer oft í sundlaugina. Mér er aldrei kalt. |

**Stigbeyging lýsingar- og atviksorða** af því tagi sem tíðkast í íslensku (*harður, harðari, harðastur*) er ekki til í ítölsku. Þess í stað eru orðin *più* og *meno* notuð til að tákna það sem er meira og minna en eitthvað annað, og *il più* og *il meno* tákna það sem er mest og minnst.

|  |                            |
|--|----------------------------|
| Questa giacca è <u>più</u> stretta       | Þessi jakki er þrengri     |
| Le scarpe sono <u>meno</u> care          | Skórnir eru ódýrari        |
| Può parlare <u>più</u> lentamente?       | Gætir þú talað hægar?      |
| Questa maglia è <u>la più</u> piccola    | Þessi peysa er minnst      |
| Questi pantaloni sono <u>i meno</u> cari | Þessar buxur eru ódýrastar |

Lýsingarorðin *góður* og *vondur* og atviksorðin *vel* og *illa* stigbeygjast með breytingu í orðstofninum:

|        | Frumstig | Miðstig  | Hástig      |
|--------|----------|----------|-------------|
| góður  | buono    | migliore | il migliore |
| vondur | cattivo  | peggiore | il peggiore |
| vel    | bene     | meglio   | il meglio   |
| illa   | male     | peggio   | il peggio   |

Nokkur dæmi um notkun þeirra:

|                                  |                                |
|----------------------------------|--------------------------------|
| Oggi il tempo è migliore di ieri | Í dag er veðrið betra en í gær |
| Sta meglio oggi                  | Honum/henni líður betur í dag  |
| C'è una situazione peggiore      | Það er verra ástand            |
| Ho giocato peggio di te          | Ég lék verr en þú              |

Eftirfarandi fjögur lýsingarorðin hafa **bæði** reglulega og óreglulega stigbeygingu, en það er munur á merkingu þeirra eftir því hvernig þau eru stigbeygd. Ennfremur eru orðin *minimo*, *massimo*, *supremo* og *infimo* líka stundum notuð sem hástig þessara orða:

|         | Frumstig | Merking               | Miðstig                | Hástig                       |
|---------|----------|-----------------------|------------------------|------------------------------|
| piccolo | {        | yngrri<br>minni       | minore<br>più piccolo  | il minore<br>il più piccolo  |
| grande  | {        | eldri<br>stærri       | maggiore<br>più grande | il maggiore<br>il più grande |
| alto    | {        | æðri<br>hærri         | superiore<br>più alto  | il superiore<br>il più alto  |
| basso   | {        | lægra settur<br>lægri | inferiore<br>più basso | l'inferiore<br>il più basso  |

**Samanburður** með miðstigi lýsingarorðs lýsir því sem ójafnt er: *Hún er betri en hann*. Í ítölsku eru samanburðaratriðin tengd með orðunum *che* eða *di*. Í aðalatriðum má segja að orðið *di* sé notað með tölum og upphæðum, á undan fornöfnum og á undan stökum nafnorðum, en orðið *che* sé annars venjulega notað þegar tvennt er borið saman (yfirléitt tvær sagnir, tvö atviksorð, tvö lýsingarorð eða tvö nafnorð):

|  |                                      |                          |
|--|--------------------------------------|--------------------------|
| La gonna costa meno <u>di</u> 100 euro       | Pilsíð kostar minna en 100 evrur     | (upphæð)                 |
| Costa più <u>della</u> giacca                | Kostar meira en jakkinn              | (á undan stöku nafnorði) |
| È più giovane <u>di</u> me                   | Hann/hún er yngri en ég              | (á undan fornafni)       |
| È più facile giocare <u>che</u> studiare     | Það er léttara að leika sér en læra  | (tvær sagnir)            |
| Meglio tardi <u>che</u> mai                  | Betra seint en aldrei                | (tvö atviksorð)          |
| La cravatta è più rosa <u>che</u> rossa      | Bindið er meira bleikt en rautt      | (tvö lýsingarorð)        |
| Il figlio ha più giocattoli <u>che</u> libri | Bróðirinn á fleiri leikföng en bækur | (tvö nafnorð)            |

Samanburður tveggja jafningja er oftast gerður með *come* eða *quanto*, sem eru styttingar úr orðasamböndunum *così ... come* og *tanto ... quanto* (samanber *eins ... og*). Enginn merkingarmunur er á því hvort er notað, orðasambandið eða styttingin. Orðið *tanto* beygist með kyni og tölu nafnorðsins sem fylgir því og þegar nafnorð fylgja bæði *tanto* og *quanto* beygjast þau hvort með sínu nafnorði. Hins vegar eru orðin *come* og *così* óbeygjanleg.

|  |   |
|--|---|
| Aldo è diligente <u>come</u> Anna                                | Aldo er eins duglegur og Anna                     |
| Non posso andare in Italia spesso <u>come</u> vorrei             | Ég get ekki farið eins oft til Ítalíu og ég vildi |
| Non posso andare in Italia <u>così</u> spesso <u>come</u> vorrei | Ég get ekki farið eins oft til Ítalíu og ég vildi |
| Questo museo ha tante statue <u>quanto</u> l'altro               | Þetta safn á jafn margar stytur og hitt           |
| Ci sono tanti <u>coltelli</u> <u>quante</u> forchette            | Það eru eins margir hnívar og gafflar             |

**Viðskeytið -issimo** er oft notað til að auka áherslu lýsingarorða:

|                             |                       |
|-----------------------------|-----------------------|
| Il vestito è carissimo      | Fötin eru rándýr      |
| I bambini sono stanchissimi | Börnin eru örþreytt   |
| La ragazza è bellissima     | Stúlkan er undurfögur |

Þetta viðskeyti er notað með stöku atviksorðum, til dæmis *benissimo* og *spessissimo*, en oftast er *molto* notað til að auka áherslu atviksorða:

|                        |                        |
|------------------------|------------------------|
| Ci vado molto spesso   | Þangað fer ég mjög oft |
| Guidi molto lentamente | Aktu mjög hægt         |

**Lýsingarorðin bello, buono, grande og santo** eru sérstök að því leyti að þau fara oft á undan nafnorðinu sem þau lýsa og eru þá til í styttri útgáfu. Tvö þau fyrri beygjast óreglulega þegar þau fara á **undan** nafnorðinu sem þau standa með:

Orðið **bello** á undan nafnorði beygist eins og ákveðinn greinirinn:

|           |             |                |              |                |
|-----------|-------------|----------------|--------------|----------------|
| húsið     | la casa     | bella casa     | le case      | belle case     |
| leikkonan | l'attrice   | bell'attrice   | le attrici   | belle attrici  |
| bókin     | il libro    | bel libro      | i libri      | bei libri      |
| nemandinn | lo studente | bello studente | gli studenti | begli studenti |
| leikarinn | l'attore    | bell'attore    | gli attori   | begli attori   |

Orðið **buono** á undan nafnorði beygist í eintölu eins og óákveðni greinirinn (en er reglulegt í fleirtölu):

|         |              |                    |
|---------|--------------|--------------------|
| leikrit | una commedia | Una buona commedia |
| hugmynd | un'idea      | Una buon'idea      |
| bók     | un libro     | Un buon libro      |
| nemandi | uno studente | Un buono studente  |

Algengt er þó að einfalda þetta og nota í eintölu *buon* á undan öllum karlkynsorðum og *buona* á undan öllum kvenkynsorðum:

Un buon studente  
Una buona idea

Orðið **grande** er í hópi nokkurra lýsingarorða sem geta bæði staðið á undan og eftir nafnorðinu sem þau vísa til, en merkingin er þá ekki alveg sú sama. Dæmi:

|                  |                   |
|------------------|-------------------|
| Una grande donna | Mikil kona        |
| Una donna grande | Stór kona         |
| Un vecchio amico | Gamall vinur      |
| Un amico vecchio | Aldraður vinur    |
| La stessa cosa   | Sami hlutur       |
| La cosa stessa   | Hluturinn sjálfur |

Þegar orðið *grande* stendur á undan nafnorðinu sem það lýsir má stytta það í *gran* á undan orðum í eintölu sem byrja á samhljóða, öðrum en *óhreinu s* (sjá bls. **Error! Bookmark not defined.**), og fella niður *-e* á undan orði sem byrjar á sérhljóða:

|                      |                   |                   |
|----------------------|-------------------|-------------------|
| Un gran piacere      | Mikil ánægja      | Á undan samhljóða |
| Un grande artista    | Mikill listamaður | Á undan sérhljóða |
| Un grande spettacolo | Mikil sýning      | Á undan óhreinu s |
| Una gran parte       | Mikið hlutverk    | Á undan samhljóða |
| Una grande avventura | Mikið ævintýri    | Á undan sérhljóða |

Í daglegu tali er *grande* þó oft notað óstytt í öllum tilfellum:

Un grande piacere  
Una grande parte

Lýsingarorðið *santo* hefur líka mismunandi merkingu eftir því hvort það stendur á undan eða eftir orðinu sem það á við. Þegar það kemur á eftir (eins og lýsingarorð gera oftast á ítölsku) þýðir það heilagur: *un luogo santo* – *heilagur staður*, en þegar það kemur á undan mannsnafni merkir það að um er að ræða nafn dýrlings og þá er það stytt það með eftirfarandi hætti, í karlkyni og kvenkyni:

|                  |                   |
|------------------|-------------------|
| San Cristoforo   | Á undan samhljóða |
| Sant' Alessandro | Á undan sérhljóða |
| Santo Stefano    | Á undan óhreinu s |
| Santa Maria      | Á undan samhljóða |
| Sant' Anna       | Á undan sérhljóða |

**Molto, poco, tanto, troppo** eru algeng orð um það sem er mikið eða lítið og geta staðið bæði sem lýsingarorð og sem atviksorð. Þegar þau eru notuð sem lýsingarorð beygjast þau með venjulegum hætti eftir kyni og tölu, en sem atviksorð eru þau óbeygd. Dæmi:

|                                     |                                   |
|-------------------------------------|-----------------------------------|
| Ho poco tempo                       | Ég hef lítinn tíma                |
| Abbiamo molta concorrenza           | Við erum í mikilli samkeppni      |
| Ci sono troppi turisti              | Það eru of margir ferðamenn       |
| Queste regole sono tanto importanti | Þessar reglur eru mjög mikilvægar |
| Sono arrivato troppo presto         | Ég kom of snemma                  |

Fleirtala þessara orða er stundum notuð til að vísa almennt til fólks:

|   |   |
|---|---|
| Molti conoscono la sua musica,<br>ma pochi l'apprezzano | Margir þekkja tónlist hans,<br>en fáir kunna að meta hana |
|---|---|

Loks skal nefna að orðatiltækið *un po'*, sem er stytting fyrir *un poco*, er mikið notað í talmáli fyrir dálítið eða smávegis. Þegar það er notað með nafnorði verður það *un po' di*:

|                       |                            |
|-----------------------|----------------------------|
| Parlo un po' italiano | Ég tala smávegis ítölsku   |
| Un po' tardi          | Svolítið seinn             |
| Vorrei un po' di vino | Ég mundi vilja ögn af víni |

## Persónufornöfn

Fornöfn eru orð sem koma í stað eða vísa til annarra nafna eða hluta. Persónufornöfnin *ég, við, þú, þið*, o.sv.frv. tengjast bæði beygingum sagna (sem beygjast eftir persónu og tölu, auk tíðbeygingar) og eins taka þau fallbeygingum á íslensku, *ég, mig, mér, mín*, o.sv.frv.

Þrátt fyrir það að fallbeyging nafnorða sé horfin úr ítölsku þá varðveitast ennþá leifar af beygingum í persónufornöfnum (eins og í ensku, samanber *I, me* og *he, him*). Ástæðan fyrir því að fallbeygingin varðveitist eru þau blæbrigðaríku skilaboð sem persónufornöfnin þurfa að flytja; í setningunni *hann gaf þeim hana* skiljum við strax hver er gefandinn, hver er þiggjandinn og hver er gjöfin.

**Persónufornöfn í nefnifalli**, gerandinn í setningu, eru lítið notuð í ítölsku vegna þess að sagnorðið gefur venjulega ótvírætt til kynna persónuna. Þau eru þó notuð til að leggja áherslu á persónuna (*sono italiano – ég er ítalskur; io sono italiano – það er ég sem er ítalskur*), til að skýra nánar til hvaða persónu er vísað (*lui beve il vino, ma lei preferisce il caffè – hann drekkur vínið, en hún vill heldur kaffið*) og í ýmsum föstum frösum (*sono io – það er ég; anche noi – einnig við*). Persónufornöfn í nefnifalli eru þessi<sup>1</sup>:

| Eintala |      | Fleirtala |           |
|---------|------|-----------|-----------|
| io      | ég   | noi       | við       |
| tu      | þú   | voi       | þið       |
| lui     | hann | loro      | þeir, þær |
| lei     | hún  |           |           |
| Lei     | þér  |           |           |

Auk **geranda** í setningu er þar líka oft að finna það sem málfræðin nefnir **andlag** setningarinnar, það sem aðgerð setningarinnar beinist að með einhverjum hætti. Á íslensku er gerandinn jafnan í nefnifalli (þ.e. óbeygt) en andlagið er fallbeygt:

|                |           |               |
|----------------|-----------|---------------|
| <i>Ég</i>      | nefnifall | gerandi       |
| <i>gaf</i>     |           | sögn          |
| <i>konunni</i> | þágufall  | óbeint andlag |
| <i>hestinn</i> | þolfall   | beint andlag  |

Í þessu dæmi er það *hesturinn* sem er þolandi sagnarinnar (hann er gefinn) og í málfræði er sagt að hann sé **beint andlag** sagnarinnar. Beint andlag er venjulega í þolfalli á íslensku og var það alltaf í latínu, sem ítalska er komin af. Í þágufalli stendur hins vegar þiggjandi verknadarins, *konan*, og það er sagt að hún sé **óbeint andlag** sagnarinnar.

Á sama hátt breytast ítölsk persónufornöfn þegar þau standa sem andlag sagnar og sýna með því hvort fornafrnið er að vísa til þolanda eða þiggjanda verknadarins, hvort það er beint andlag eða óbeint andlag sagnarinnar.

**Persónufornöfn í beinu andlagi**, þolandi sagnarinnar, eru eftirfarandi:

| Eintala |      | Fleirtala |       |
|---------|------|-----------|-------|
| mi      | mig  | ci        | okkur |
| ti      | þig  | vi        | ykkur |
| lo, l'  | hann | li        | þá    |
| la, l'  | hana | le        | þær   |
| La      | yður |           |       |

<sup>1</sup> Gömul útgáfa þriðju persónu eru *egli, essa, essi* og *esse*; þau fornöfn eru nú bara notuð í hátíðlegu ritmáli og er sleppt hér. Einnig er til forn þéring í fleirtölu, *Loro*, en hún er ekki notuð lengur; nú er sagt *voi* í stað *Loro* þegar fleiri en einn eru ávarpaðir. Þetta er eins í þéringum á íslensku: *Þér megið fara, en þið hin verðið kyrr*.



Nokkrar reglur um beint andlag fornafna í setningum:

1. Fornöfn í andlagi standa strax á undan sögninni (eða hjálparsögninni):

|                                      |                                   |
|--------------------------------------|-----------------------------------|
| L'ascolto                            | Ég hlusta á hann/hana             |
| Li ascolto                           | Ég hlusta á þau <sup>2</sup>      |
| Ci hanno guardati e ci hanno seguiti | Þeir horfðu á okkur og eltu okkur |

Þegar um neitun er að ræða kemur orðið *non* á undan fornafninu:

|                       |                                 |
|-----------------------|---------------------------------|
| Non la mangia         | (Hann/hún) borðar hana ekki     |
| Perché non li inviti? | Hvers vegna býður þú þeim ekki? |

2. Þegar sagnbeyging inniheldur lýsingarhátt þátíðar hafa fornöfn í beinu andlagi þau áhrif að lýsingarhátturinn beygist til samræmis við þau (rétt eins og þegar þátíð er mynduð með *essere* + lýsingarháttur þátíðar, sjá bls. 34):

|                                     |                                    |
|-------------------------------------|------------------------------------|
| Ho preso il caffè. L'ho preso.      | Ég fékk kaffið. Ég fékk það.       |
| Ho preso la valigia. L'ho presa.    | Ég tók töskuna. Ég tók hana.       |
| Ho preso i biglietti. Li ho presi.  | Ég náði í miðana. Ég náði í þá.    |
| Ho preso le bottiglie. Le ho prese. | Ég sótti flöskurnar. Ég sótti þær. |

3. Þegar fornafn er andlag sagnar sem stendur í nafnhætti er því skeytt aftan við sögnina (en aftasta *-e* sagnarinnar sleppt). Fornafni í andlagi er líka skeytt aftan við sagnir í boðhætti, í lýsingarhátti þátíðar (þegar hann er notaður einn og sér, án hjálparsagnar) og í lýsingarhættinum *gerundio*:

|  |                                      |
|--|--------------------------------------|
| È importante mangiar <u>la</u> ogni giorno | Það er mikilvægt að borð'ana daglega |
| Voglio invitar <u>li</u>                   | Ég vil bjóða þeim                    |
| Aspettami! Aspettiamole!                   | Bíddu eftir mér! Bíðum eftir þeim!   |
| Vedendol <u>a</u> , ho deciso di aspettare | Sjáandi hana, ákvað ég að bíða       |
| Trovatol <u>o</u> , l'ho comprato          | Hafandi fundið það, keypti ég það    |

4. Fornöfnum í beinu andlagi er líka skeytt aftan við orðið *ecco* (hérna, þarna) til að segja: *Hér er ég, þarna er hann*, og svo framvegis:

|                                     |  |
|-------------------------------------|--|
| Dov'è la signorina? Eccola!         | Hvar er unga konan? Þarna er hún!        |
| Hai trovato le valigie? Sì, eccole! | Fannstu ferðatöskurnar? Já, hér eru þær! |

**Persónufornöfn í óbeinu andlagi** vísa til þiggjandans, í hvers þágu verkið er unnið. Fyrsta og önnur persóna er eins og í beinu andlagi, en þriðja persóna er öðruvísi bæði í eintölu og fleirtölu:

| Eintala |       | Fleirtala               |       |
|---------|-------|-------------------------|-------|
| mi      | mér   | ci                      | okkur |
| ti      | þér   | vi                      | ykkur |
| gli     | honum | gli (loro) <sup>3</sup> | þeim  |
| le      | henni |                         |       |
| Le      | yður  |                         |       |

Staða þessara persónufornafna í setningum er sú sama eins og lýst var að ofan í reglum 1 og 2 fyrir beint andlag, þau koma á undan sögninni eða er skeytt aftan við nafnhátt sagnar þegar svo ber undir. Þau leiða hins vegar **ekki** til þess að lýsingarháttur þátíðar taki beygingu (regla 3). Í eftirfarandi dæmum er óbeint andlag feitletrað, en beint andlag undirstrikað þegar það er með í setningunni:

<sup>2</sup> Á undan orði sem hefst á sérhljóða styttest persónufornöfnin *la* og *lo* og verða *l'* – en persónufornöfn í fleirtölu styttest ekki. Þetta er svipað og með ákveðinn greini, sem styttest í eintölu en ekki í fleirtölu.

<sup>3</sup> Í talmáli er algengara að nota *gli*. Noti maður *loro* stendur það **aftan** við sögnina, ólíkt hinum fornöfnum. Dæmi: *Gli do il libro* verður *Do loro il libro* – Ég gaf þeim bókina. *Loro* er sömuleiðis frábrugðið að því leiti að það bætist ekki aftan við nafnhátt sagnanna, eins og hin fornöfnin.

Qualcuno **mi** ha mandato una cartolina dalla Spagna  
 Il professore **le** ha spiegato il problema  
 Voglio telefonargli  
 Il signor Brambilla **ci** ha insegnato l'italiano  
 Cosa **gli** dici?  
 Lucia, tuo padre vuole parlarti!

Einhver sendi mér póstkort frá Spáni.  
 Kennarinn skýrði vandamálið fyrir henni.  
 Ég vil hringja í hann.  
 Herra Brambilla kenndi okkur ítölsku.  
 Hvað ert þú að segja honum/þeim?  
 Lucia, faðir þinn vill tala við þig!

**Beint og óbeint andlag** tveggja persónufornafna sem standa með sömu sögn í setningu hefur í för með sér breytingar á fornöfnunum. Í 1. og 2. persónu hljóðbreytist óbeina andlagið (-i verður -e) og í 3. persónu renna fornöfnin saman í eitt orð. Sama gerist líka ef beina andlagið er fornaðnið *ne* (sjá nánar um það fornaðnið á bls. 16) Þetta er sýnt í töflunni hér fyrir neðan. Óbeina andlagið stendur alltaf á **undan** beina andlaginu:

|                        | <b>lo</b> | <b>la</b> | <b>li</b> | <b>le</b> | <b>ne</b> |
|------------------------|-----------|-----------|-----------|-----------|-----------|
| <b>mi</b>              | me lo     | me la     | me li     | me le     | me ne     |
| <b>ti</b>              | te lo     | te la     | te li     | te le     | te ne     |
| <b>gli, le</b>         | glielo    | gliela    | glieli    | gliele    | gliene    |
| <b>ci</b>              | ce lo     | ce la     | ce li     | ce le     | ce ne     |
| <b>vi</b>              | ve lo     | ve la     | ve li     | ve le     | ve ne     |
| <b>gli<sup>4</sup></b> | glielo    | gliela    | glieli    | gliele    | gliene    |

Nokkur dæmi:

|  |   |
|--|---|
| Me la vendi?                               | Selur þú mér hana?  |
| Ve li mostro subito.                       | Ég sýni ykkur þær strax.  |
| Gli hai dato i libri? Glieli ho dati ieri. | Hefurðu gefið honum bækurnar? Ég gaf honum þær í gær.           |
| Me lo regali? No, se vuoi te lo vendo.     | Gefur þú mér það? Nei, ef þú vilt sel ég þér það <sup>5</sup> . |
| Dò la penna a Maria. Gliela dò.            | Ég gef Maríu pennann. Ég gef henni hann.                        |
| Dò la penna ai genitori. Gliela dò.        | Ég gef foreldunum pennann. Ég gef þeim hann.                    |

**Persónufornöfn sem stýrt er af forsetningu** taka hljóðbreytingu í 1. og 2. persónu eintölu, en annars er fornaðnið óbeygt (eins og í nefnifalli). Þegar sérstaklega á að undirstrika persónu andlagsins, eða taka af vafa um persónuna, má nota forsetninguna **a** með fornaðninu. Orðaröðin breytist þá og forsetningarliðurinn með persónufornafninu fer **aftast** í setninguna.

| <b>Eintala</b> | <b>Fleirtala</b> |
|----------------|------------------|
| me             | noi              |
| te             | voi              |
| lui            | loro             |
| lei, Lei       |                  |

Nokkur dæmi:

|                                   |   |
|-----------------------------------|---|
| Posso venire con te o con voi?    | Get ég komið með þér eða með ykkur?                   |
| Andiamo con lui da loro           | Við förum með honum (heim) til þeirra.                |
| Sei più giovane di lei            | Þú ert yngri en hún.                                  |
| Secondo te, è buono?              | Finnst þér það gott?                                  |
| <u>Mi</u> hanno dato la lettera   | Þeir sendu mér bréfið (venjuleg áhersla)              |
| Hanno dato la lettera <u>a me</u> | Þeir sendu bréfið til mín (aukin áhersla á persónuna) |

<sup>4</sup> Loro er líka til sem 3. p. ft., en stendur þá fyrir aftan sögnina: lo [sögn] loro, la [sögn] loro, o.sv.frv.

<sup>5</sup> Persónufornaðnið lo er gjarnan notað þar sem við notum hvorukynsorðið það: Non lo so – Ég veit það ekki

**Afturbeygð fornöfn** eru í raun hluti af afturbeygðum sögnum og vísa aftur til gerandans: *Hann klæddi sig*. Í íslensku er þetta oft orðið að miðmynd: *Hann klæddist*, en í ítölsku er engin miðmynd og afturbeygt fornafn fylgir ætíð afturbeygðu sögninni.

Til dæmis má taka sögnina *að stöðva* sem á ítölsku er *fermare*. Afturbeygða sögnin *að stöðvast* er í ítalskri orðabók gefin sem *fermarsi* og beygist svona eftir persónu og tölu:

|           |             |                   |                   |
|-----------|-------------|-------------------|-------------------|
| <b>mi</b> | mi fermo    | ég stöðva mig     | ég stöðvast       |
| <b>ti</b> | ti fermi    | þú stöðvar þig    | þú stöðvast       |
| <b>si</b> | si ferma    | hann stöðvar sig  | hann/hún stöðvast |
| <b>ci</b> | ci fermiamo | við stöðvum okkur | við stöðvumast    |
| <b>vi</b> | vi fermate  | þið stöðvið ykkur | þið stöðvist      |
| <b>si</b> | si fermano  | þeir stöðva sig   | þeir/þær stöðvast |

Fleiri dæmi um afturbeygðar sagnir:

|              |                     |                      |
|--------------|---------------------|----------------------|
| Divertirsi : | Mi diverto qui      | Ég skemmti mér hér   |
| Lavarsi :    | Ti sei lavato?      | Þvoðir þú þér?       |
| Farsi :      | Non si è fatto male | Hann meiddi sig ekki |

Þegar afturbeygt fornafn stendur með persónufornafni í andlagi, eða með fornafninu *ne*, þá hljóðbreytist það og verður *me, te, se, ce, ve, se*:

|                                      |  |
|--------------------------------------|--|
| Mi tolgo la giacca – me la tolgo     | Ég klæði mig úr jakkanum – ég klæði mig úr honum |
| Ti compri del pane? Sì, me ne compro | Kaupir þú þér brauð? Já, ég kaupi mér það        |

## Samantekt um beygð persónufornöfn

Enda þótt margt hafi verið sagt hér að framan um andlag persónufornafna og afturbeygð fornöfn, þá er beyging þeirra ekki alveg eins flókin og manni virðist við fyrstu sýn:

- Bæði 1. og 2. persóna eru reglulegar, alltaf *mi, ti, ci, vi* eða hljóðbreytt *me, te, ce, ve*.
- Þriðja persóna í beinu andlagi inniheldur hin táknrænu sérhljóð *lo, la, li, le*.
- Þriðja persóna afturbeygð er *si* bæði í eintölu og fleirtölu og hljóðbreytt *se*.
- Einungis 1. og 2. persóna eintölu hljóðbreytist með forsetningum, aðrar eru óbeygðar.

Í töflunni hér fyrir neðan er yfirlit um beygingu persónufornafna. Þar sést vel að breytileikinn er aðallega í þriðju persónu fornafnanna og það er rammað inn. Þérun er ekki sýnd sérstaklega, enda ér hún alveg eins og þriðja persóna kvenkyns (en rituð með stórum staf).

|                  | Gerandi,<br>nefnifall | Beint<br>andlag | Óbeint<br>andlag | Afturbeygt<br>fornafn | Með<br>forsetningu |
|------------------|-----------------------|-----------------|------------------|-----------------------|--------------------|
| <i>ég</i>        | io                    | mi              | mi               | mi                    | me                 |
| <i>þú</i>        | tu                    | ti              | ti               | ti                    | te                 |
| <i>hann</i>      | lui                   | lo              | gli              | si                    | lui                |
| <i>hún</i>       | lei                   | la              | le               | si                    | lei                |
| <i>við</i>       | noi                   | ci              | ci               | ci                    | noi                |
| <i>þið</i>       | voi                   | vi              | vi               | vi                    | voi                |
| <i>þeir, þær</i> | loro                  | li, le          | gli              | si                    | loro               |

## Eignarfornöfn

Eignarfall er ekki til í ítölsku og því er annað hvort vísað til eignar með forsetningunni *di* eða með eignarfornafni. Í íslensku er hins vegar vísað til eignar með eignarfalli eða með eignarfornafni<sup>6</sup>. Enskan inniheldur alla þessa þrjá möguleika, samanber eftirfarandi töflu:

| Táknun eignar | Ítalska             | Íslenska    | Enska             |
|---------------|---------------------|-------------|-------------------|
| Forsetning    | La casa di Giovanni |             | The house of John |
| Eignarfall    |                     | Hús Jóhanns | John's house      |
| Eignarfornafn | La sua casa         | Húsið hans  | His house         |

Eignarfornöfn eru oftast notuð með ákveðnum greini og kyn þeirra og tala ræðst af eigninni, en ekki af eigandanum<sup>7</sup>. Þau beygjast svona:

| Eigandi         | Karlkyns eign | Kvenkyns eign | Karlkyns eignir | Kvenkyns eignir |
|-----------------|---------------|---------------|-----------------|-----------------|
| <i>1.p. et.</i> | il mio        | la mia        | i miei          | le mie          |
| <i>2.p. et.</i> | il tuo        | la tua        | i tuoi          | le tue          |
| <i>3.p. et.</i> | il suo        | la sua        | i suoi          | le sue          |
| <i>1.p.ft.</i>  | il nostro     | la nostra     | i nostri        | le nostre       |
| <i>2.p.ft.</i>  | il vostro     | la vostra     | i vostri        | le vostre       |
| <i>3.p.ft.</i>  | il loro       | la loro       | i loro          | le loro         |

Nokkur dæmi:

|                           |                         |
|---------------------------|-------------------------|
| Lui guida la sua macchina | Hann ekur bifreið sinni |
| Lei guida la sua macchina | Hún ekur bifreið sinni  |
| Lei guida il suo gruppo   | Hún stýrir hópnum sínum |

Ákveðna greininum er sleppt þegar vísað er til einstaklinga í fjölskyldunni í eintölu: *mia figlia*, *tuo marito*, *sua moglie* – *dóttir mín*, *eiginmaður þinn*, *eiginkona hans*, en hann fylgir hins vegar með þegar lýsingarorð eða viðskeyti eru sett við einstaklingana í fjölskyldunni, þegar vísað er til fjölskyldumeðlima í fleirtölu og alltaf þegar eignarfornafnið er *loro*:

|                         |                  |
|-------------------------|------------------|
| La mia sorella maggiore | Elsta systir mín |
| La mia sorellina        | Litla systir mín |
| Le mie sorelle          | Systur mínar     |
| La loro sorella         | Systir þeirra    |

Loks er vert að geta þess að rétt eins og á íslensku er á ítölsku er oft látið duga að nota ákveðinn greini til að tákna eign, þegar eignarhaldið er ljóst:

|                                     |                                       |
|-------------------------------------|---------------------------------------|
| Il signore è arrivato con la moglie | Maðurinn kom með konunni (konu sinni) |
| Ho perso il passaporto              | Ég hef týnt vegabréfinu (mínu)        |

<sup>6</sup> Í stað eignarfalls er á íslensku stundum notuð forsetning: *vatns-glas* → *glas af vatni*, en þá er reyndar ekki verið að vísa til eignar og eiganda

<sup>7</sup> Þetta er eins á íslensku: hesturinn minn, hestarnir mínir, hryssurnar mínar.

## Fornöfnin *si, ci* og *ne*

**Fornafnið *si*** er notað til að tákna ótilgreindan geranda, þar sem á íslensku er sagt *maður gerir* eða *það er* og á ensku *one does* eða *it is*. Þetta **ópersónulega fornafn** er ætíð í 3. persónu eintölu:

|                          |   |
|--------------------------|---|
| Si esce da questa porta  | Maður fer út um þessar dyr                  |
| Si può parcheggiare qui? | Má (maður) leggja bílnum hér?               |
| Come si scrive?          | Hvernig er það skrifað?                     |
| Qui si parla inglese     | Það er töluð enska hér / Hér er töluð enska |

Hinn ótilgreindi gerandi *si* er í karlkyni, enda er hvorugkyn ekki til á ítölsku og í stað þess notað karlkyn þegar svo ber undir. Þegar *si* + sögn standa með **andlagi**, þá stjórnar andlagið því hvort sögnin er í eintölu eða fleirtölu. Alveg það sama gerist í íslensku: *Það er kona hér; það eru konur hér.*

|                          |                          |
|--------------------------|--------------------------|
| Si vende il vino qui     | Það er selt vín hér      |
| Si vendono biglietti qui | Það eru seldir miðar hér |

Þegar *si* stendur með *essere* og **lýsingarorði** er lýsingarorðið haft í fleirtölu:

|                    |                       |
|--------------------|-----------------------|
| Quando si è vecchi | Þegar maður er gamall |
| Si è contenti      | Menn eru ánægðir      |

Í **samsettum tíðum** sagna veldur *si* því að allar sagnir beygjast með hjálparsögninni *essere* og aldrei með *avere*. Þá beygist líka lýsingarháttur þátíðar í samsettu sögninni, eins og jafnan gerist þegar *essere* er hjálparsögn. Þegar andlag fylgir sögninni ræður það beygingu lýsingarháttarins:

|                                |                                      |
|--------------------------------|--------------------------------------|
| Si è comprata la pizza         | Það var keypt flatbaka               |
| Si sono viste tante belle cose | Það sáust svo margir fallegir hlutir |

Þegar samsett sögn stýrir ekki andlagi gildir sú regla, að ef persónuleg útgáfa sagnar beygist með *avere* er lýsingarhátturinn í karlkyni *eintölu*, en beygist hún með *essere* er lýsingarhátturinn í *fleirtölu*:

|                          |                        |                             |
|--------------------------|------------------------|-----------------------------|
| Si è speso molto         | Miklu hafði verið eytt | Sbr. <i>avere speso</i>     |
| Si era mangiato bene     | Það var borðað vel     | Sbr. <i>avere mangiato</i>  |
| Si è andati al cinema    | Það var farið í bíó    | Sbr. <i>essere andato</i>   |
| Si è arrivati in ritardo | Menn komu of seint     | Sbr. <i>essere arrivato</i> |

Þegar ópersónulega fornafnið *si* er notað með afturbeygða fornafninu *si* er ekki sagt *si si* heldur *ci si*:

|                   |  |
|-------------------|--|
| Ci si alza tardi  | Það er farið seint á fætur (orðrétt: menn reisa sig seint) |
| Ci si diverte qui | Maður skemmtir sér hér                                     |

Persónufornafn í andlagi fer á undan *si*:

|                   |                      |
|-------------------|----------------------|
| Lo si scrive così | Það er skrifað svona |
| La si vede spesso | Maður sér hana oft   |

Þegar fornafnið *ne* er í setningu með *si* þá er sagt *se ne*:

|                    |                           |
|--------------------|---------------------------|
| Se ne parla molto  | Það er mikið talað um það |
| Se ne compra tanto | Það er mikið keypt af því |

**Fornafnið *ci*** er notað þegar vísað er til staðar. Eðli málsins samkvæmt stendur það oft á undan *essere* í 3. persónu, *è*, og þá renna þau saman í eitt: *C'è = ci + è*:

|                              |   |
|------------------------------|---|
| Ci sono molte trattorie      | Þar eru margar krár                       |
| Vai a Roma? Ci vado domani   | Ferð þú til Rómar? Ég fer þangað á morgun |
| C'è una banca in via Mazzini | Það er banki í Mazzini götu               |

*Ci* getur vísað til forsetningaliða með forsetningunni *a*:

|   |  |
|---|--|
| Penso <u>al mio lavoro</u> , ci penso molto | Ég hugsa um vinnu mína, ég hugsa mikið um hana |
| Credo <u>agli oroscopi</u> , ci credi tu?   | Ég trúi á stjörnuþár, trúir þú á þær?          |

Þegar *ci* stendur með persónufornafni í andlagi, eða með *ne*, þá hljóðbreytist það og verður *ce*:

Vuoli mettere il vino nel frigo? Ce lo mette Anna. Viltu setja vínið í ískápinn? Anna setur það þar.

**Fornafnið *ne*** er notað þegar vísað er til magns og því er aldrei sleppt. Á ensku þýðir þetta *of it*, *some* eða *any*, *en* á íslensku samsvarar þetta stundum *af því* eða *það*. Á íslensku og ensku er oft hægt að komast af án þessarar tilvísunar, en á ítölsku er *ne* **alltaf** notað þegar vísað er til magns eða fjölda.

|   |   |
|---|---|
| Hai dei soldi? Ne ho.                       | Áttu peninga? Ég á þá (I have <u>some</u> ).              |
| Non ne ho.                                  | Ég á enga. (I don't have <u>any</u> ).                    |
| Questo vino è buono, ne vuole?              | Þetta vín er gott, viltu <u>það</u> ?                     |
| Quanto formaggio vuole? Ne prendo due etti. | Hvað viltu mikið af osti? Ég tek 200 grömm <sup>8</sup> . |
| Avete figli? Ne abbiamo tre.                | Áttu börn? Við eigum þrjú (af þeim).                      |

*Ne* getur vísað til forsetningaliða með forsetningunni *di*:

|   |  |
|---|--|
| Non parla di sua sorella. Non ne parla. | Hann talar ekki um systur sína. Hann talar ekki um hana. |
| Sei sicuro del numero? Ne sei sicuro?   | Ertu viss um númerið, ertu viss um það?                  |

*Ne* kemur yfirleitt á undan sögn í setningum, en er hengt aftan í nafnhátt þeirra (aftasta *-e* fellur niður), boðhátt og lýsingarhátt nútíðar:

|                               |                                  |                            |
|-------------------------------|----------------------------------|----------------------------|
| Vorrei assaggiarne.           | Ég vildi gjarnan smakka það.     | Nafnháttur + <i>ne</i>     |
| Compriamone.                  | Kaupum það/Let's buy some of it. | Boðháttur + <i>ne</i>      |
| Assaggiandone, mi è piaciuto. | Smakkandi það, líkaði mér það.   | Lýsingarháttur + <i>ne</i> |

Þegar *ne* er notað með samsettri beygingu sagnar með *avere* þá beygist lýsingarháttur þátíðar:

|  |                                      |
|--|--------------------------------------|
| Vuoi dell'acqua? Ne ho comprat <u>a</u> una bottiglia. | Viltu vatn? Ég keypti flösku af því. |
| Funghi? Ne ho comprat <u>i</u> un chilo.               | Sveppir? Ég keypti kíló af þeim.     |

Af ofangreinu má sjá að *ne* hagar sér í flestu eins og beint andlag persónufornafns:

- Það stendur á undan sögninni (sjá reglu 1, bls. 11)
- Það er hengt aftan í nafnhátt sagna (sjá reglu 2, bls. 11)
- Það veldur beygingu lýsingarháttar þátíðar (sjá reglu 3, bls. 11)
- Það hefur sömu áhrif í samspili við óbeint andlag (sjá töflu á bls. 12)

---

<sup>8</sup> Í kjöt- og ostaborðum í verslunum er venjan sú, að maður segir hve mörg hektógrömm maður vill láta skera fyrir sig. *Un etto* = hektógramm = 100 grömm, *due etti* = tvö hektógrömm = 200 grömm.

## Ýmis önnur fornöfn

**Tilvísunarfornöfn** vísa oftast til þess sem áður hefur verið nefnt: *Þetta er maðurinn sem ég hitti.* Algengasta ítalska tilvísunarfornafnið er **che** og getur bæði staðið sem gerandi og þolandi í setningu. *Che* er eins í öllum kynjum og tölum, rétt eins og tilvísunarfornafnið *sem* á íslensku:

|                                    |                                    |
|------------------------------------|------------------------------------|
| La donna che lavora nella farmacia | Konan sem vinnur í apótekinu       |
| I ragazzi che ti ho presentato     | Strákarnir sem ég kynnti þig fyrir |

Ef sérstaka nauðsyn ber til þess að taka af vafa um kyn og tölu þess sem vísað er til, er hægt að nota tilvísunarfornafnið **il quale**, sem alltaf er með greini: *il quale, la quale, i quali, le quali*:

|   |   |
|---|---|
| La donna la quale lavora nella farmacia | Konan, hver vinnur í apótekinu          |
| Le ragazze le quali ti ho presentato    | Stúlkurnar, hverjum ég kynnti þig fyrir |

Með forsetningum er notað tilvísunarfornafnið **cui**, sem er eins í öllum kynjum og tölum:

|                                     |                                  |
|-------------------------------------|----------------------------------|
| La donna con cui lavoro             | Konan sem ég vinn með            |
| Il treno in cui siamo andati a Roma | Lestin sem við fórum í til Rómar |

Tilvísunarfornafnið **chi** er nærtækast að þýða með *sá sem*. Það er eingöngu notað um fólk (en ekki hluti) og því fylgir jafnan sögn í eintölu:

|   |   |
|---|---|
| Chi studia, impara                          | Sá sem stundar nám, lærir                     |
| Chi ha visto l'Italia, non la dimentica mai | Sá sem hefur séð Ítalíu, gleymir henni aldrei |

Loks er hægt að vísa til eignarfalls með ákveðnum greini + *cui*:

|   |                                      |
|---|--------------------------------------|
| La donna <u>il cui</u> figlio lavora nella farmacia | Konan hvers sonur vinnur í apótekinu |
| La ragazza <u>i cui</u> cugini sono venuti ieri     | Stúlkan hvers frændur komu í gær     |

**Ábendingarfornöfn** eru helst **questo** og **quello** sem má þýða með *þessi* og *sá* (á ensku *this* og *that*). Þegar þau standa ein og sér (þ.e. standa ekki með nafnorði) er beyging þeirra afar einföld:

|         |         |         |         |
|---------|---------|---------|---------|
| quest-o | quest-a | quest-i | quest-e |
| quell-o | quell-a | quell-i | quell-e |

|   |   |
|---|---|
| Questa è mia moglie                         | Þetta er konan mín                          |
| Questi sono i miei figli                    | Þetta eru börnin mín                        |
| Prendo quello in vetrina, ma non questo qui | Ég tek þann í glugganum, en ekki þennan hér |

Þegar ábendingarfornöfn standa með nafnorðinu sem þau vísa til, *þessi maður*, eru þau eins og lýsingarorð á undan nafnorði. Í eintölu getur *questo* þá fellt niður sérhljóða:

|                                    |                                      |
|------------------------------------|--------------------------------------|
| Quest'anno non vado in vacanza     | Þetta ár fer ég ekki í frí           |
| Quest'agenzia viaggi è chiusa oggi | Þessi ferðaskrifstofa er lokuð í dag |

Beyging *quello* er flóknari. Því þegar það stendur á undan nafnorði beygist það eins og ákveðni greinirinn (sjá bls. 4), rétt eins og lýsingarorðið *bello* (sjá bls. 8).

|             |                 |              |                 |
|-------------|-----------------|--------------|-----------------|
| la casa     | quella casa     | le case      | quelle case     |
| l'attrice   | quell'attrice   | le attrici   | quelle attrici  |
| il libro    | quel libro      | i libri      | quei libri      |
| lo studente | quello studente | gli studenti | quegli studenti |
| l'attore    | quell'attore    | gli attori   | quegli attori   |

Ábendingarfornafnið **ciò** er eintöluorð, beygist ekki og er notað til að vísa til hugmynda eða aðstæðna, frekar en tiltekinn nafnorða.

|                            |                                      |
|----------------------------|--------------------------------------|
| Avere ciò che ci si merita | Að fá það sem maður á skilið         |
| Ciò non vi riguarda        | Þetta hefur ekkert með ykkur að gera |

Orðið *ciò* rennur saman við *è* til að mynda frasann *það er eða nánar tiltekið*:

Lui è il fratello di mia zia, cioè mio padre      Hann er bróðir frænku minnar, það er faðir minn

**Spurnarfornöfn** á ítölsku er sum hægt að nota **bæði** til að spyrja og svara, og þá er það spurnartónninn í mæltu máli, eða spurningarmerkið í rituðu máli, sem segir hvort um spurningu eða svar er að ræða. Þetta er líka til bæði í íslensku og ensku: *When will he come? When he is ready.* – *Nær mun hann koma? Nær hann er tilbúinn.* Venjulega mundum við þó segja: *Hvenær kemur hann? Þegar hann er tilbúinn.*

### **Come?**

|  |  |
|--|--|
| Come stai? Come sempre                         | Hvernig hefur þú það? Eins og alltaf         |
| Come funziona questo? Come l'orologio digitale | Hvernig virkar þetta? Eins og stafræn klukka |
| Come si dice ... in italiano?                  | Hvernig segir þú ... á ítölsku?              |

### **Dove?**

|                                   |                                      |
|-----------------------------------|--------------------------------------|
| Dove sono i ragazzi? Dove li vedi | Hvar eru krakkarnir? Þarna sérðu þau |
| Di dove sei? Siamo di Roma        | Hvaðan kemur þú? Við erum frá Róm    |

Þegar *dove* fer á undan *è* stýttist það í *dov*:

|                        |                                     |
|------------------------|-------------------------------------|
| Dov'è la stazione? Lì! | Hvar er (járnbrautar)stöðin? Þarna! |
|------------------------|-------------------------------------|

### **Quando?**

|  |  |
|--|--|
| Quando partiamo? Quando ti è comodo        | Hvenær förum við? Þegar þér hentar           |
| Quando arriva il treno da Venezia?         | Hvenær kemur lestin frá Feneyjum?            |
| Da quando abita qui? Da quando ero giovane | Hve lengi hafið þér búið hér? Frá unga aldri |
| Fino a quando resti qui?                   | Hve lengi (þar til hvenær) verður þú hér?    |

### **Perché?**

|                                     |  |
|-------------------------------------|--|
| Perché vai a Parma? Perché ho fame. | Hvers vegna ferðu til Parma? Vegna þess ég er svangur. |
| Perché? Perché no?                  | Hvers vegna? Hvers vegna ekki?                         |
| Perché non glielo chiede?           | Hvers vegna spyrðu hann ekki um það?                   |

### **Che?**

|                                   |                                   |
|-----------------------------------|-----------------------------------|
| Che vuoi? Il pane che ho comprato | Hvað viltu? Brauðið sem ég keypti |
| Che tipo di torta desiderate?     | Hvað kökutegund viljið þið?       |
| A che ora?                        | Klukkan hvað?                     |

Oft er sagt **che cosa** í stað *che* og í daglegu tali er stundum bara sagt **cosa**:

|                      |                   |
|----------------------|-------------------|
| Che posso fare?      | Hvað get ég gert? |
| Che cosa posso fare? | Hvað get ég gert? |
| Cosa posso fare?     | Hvað get ég gert? |

### **Chi?**

Orðið *chi* er notað um fólk, en *che* er notað um aðra hlut (eins og fornöfnin *who* og *what* á ensku). Með eignarfallinu *di chi* er hægt að vísa til eiganda.

|                              |  |
|------------------------------|--|
| Chi abita qui? Chi vuole     | Hver býr hér? Hver sem vill                        |
| Chi conosce a Verona?        | Hvern þekkir hann/þekkið þér í Veróna?             |
| Chi è?                       | Hver er það?                                       |
| Di chi è questo cappotto?    | Hver á þennan frakka? (Hvers er þessi frakki?)     |
| Di chi sono questi occhiali? | Hver á þessi gleraugu? (Hvers eru þessi gleraugu?) |



### Quale?

Orðið hefur eintölu og fleirtölu, en er eins í báðum kynjum eins og títt er um fallorð sem enda á *-e*:

|                     |                         |
|---------------------|-------------------------|
| Quale camera è tua? | Hvaða herbergi er þitt? |
| In quali mesi?      | Í hvaða mánuðum?        |
| Quale preferisce?   | Hvern viltu?            |
| Quali preferisce?   | Hverjar viltu?          |

Þegar *quale* fer á undan *è* er það oft stytt í *qual* :

|                               |                       |
|-------------------------------|-----------------------|
| Qual è il numero di telefono? | Hvert er símanúmerið? |
|-------------------------------|-----------------------|

### Quanto?

Þegar *quanto* er notað með sögn (eins og atviksorð) þá beygist það ekki, en er stundum stytt í *quant* á undan sérhljóða:

|                                      |                      |
|--------------------------------------|----------------------|
| Quanto costa il libro?               | Hvað kostar bókin?   |
| Quanto costano gli indumenti intimi? | Hvað kosta nærfötin? |
| Quant'è?                             | Hvað er það mikið?   |

Þegar *quanto* stendur með nafnorði, eða sem fornafn, beygist það með reglulegum hætti:

|                                   |  |
|-----------------------------------|--|
| Quanto tempo abbiamo?             | Hvað höfum við mikinn tíma?            |
| Quanta birra vuoi?                | Hvað viltu mikinn bjór?                |
| Quante persone ci sono?           | Hvað eru margir þar?                   |
| Hai comprato della birra? Quanta? | Keyptirðu eitthvað af bjór? Hve mikið? |

**Óákveðin fornöfn** eru ýmis orð sem vísa til manna og hluta án þess að tiltaka þá nákvæmlega: *allir, einhver, nokkrir, o.sv.frv.* Sum beygjast, önnur ekki.

**Ogni** stendur á undan nafnorði eða tölu og beygist ekki:

|                                   |                                      |
|-----------------------------------|--------------------------------------|
| Lavoro ogni giorno                | Ég vinn sérhvern dag (alla daga)     |
| L'autobus passa ogni dieci minuti | Vagninn fer hjá á tíu mínútna fresti |

**Uno** er eintöluorð, oftast í karlkyni en til í báðum kynjum:

|                       |                           |
|-----------------------|---------------------------|
| Costano un euro l'uno | Þeir kosta eina evru hver |
| Una di voi            | Ein af ykkur              |

**Ogn-uno** er eintöluorð, oftast í karlkyni en til í báðum kynjum, og er eingöngu notað um persónur:

|                              |                        |
|------------------------------|------------------------|
| Ognuno ha donato cinque euro | Sérhver gaf fimm evrur |
| A ognuno il suo              | Sérhverjum sitt        |

**Qual-che** stendur ætíð á undan nafnorði í **eintölu** og beygist ekki:

|                              |                                   |
|------------------------------|-----------------------------------|
| Ho comprato qualche regalo   | Ég keypti nokkrar gjafir          |
| Hai comprato qualche regalo? | Hefur þú keypt einhverjar gjafir? |
| Ci vado qualche volta        | Ég fer þangað stundum             |

**Qual-unque og qual-siasi** þýða bæði *hvað sem er* og beygjast ekki:

|                                   |                                |
|-----------------------------------|--------------------------------|
| Va bene qualunque colore          | Hvaða litur sem er dugir       |
| Possiamo mangiare a qualsiasi ora | Við getum borðað hvenær sem er |

**Chi-unque** þýðir *hver sem er* og er eintöluorð:

|                                     |   |
|-------------------------------------|---|
| Chiunque può farlo                  | Hver sem er getur gert það              |
| Chiunque venga, dirgli di attendere | Hver svo sem kemur, segðu honum að bíða |

**Qualcuno** er eintöluorð, oftast í karlkyni en til í báðum kynjum, oftast notað um persónur:

|                     |                            |
|---------------------|----------------------------|
| Qualcuno è arrivato | Einhver er kominn          |
| C'è qualcuno?       | Er einhver hér?            |
| Ne prendo qualcuna  | Ég tek einhverja (af þeim) |

**Qualcosa** er eintöluorð:

|                              |                           |
|------------------------------|---------------------------|
| È successo qualcosa          | Eitthvað hefur gerst      |
| Abituare qualcuno a qualcosa | Venja einhvern á eitthvað |

Á eftir *qualcosa* kemur stundum *di* + lýsingarorð:

|                              |                            |
|------------------------------|----------------------------|
| Ho visto qualcosa di strano  | Ég sá eitthvað undarlegt   |
| Hai fatto qualcosa di bello? | Gerðirðu eitthvað fallegt? |

Á eftir *qualcosa* kemur stundum *da* + sögn í nafnhætti:

|                         |                                   |
|-------------------------|-----------------------------------|
| Vorrei qualcosa da bere | Ég vil gjarnan eitthvað að drekka |
| C'è qualcosa da vedere? | Er eitthvað þar að sjá?           |

**Nessuno** er eintöluorð, oftast í karlkyni en til í báðum kynjum. Þegar það kemur á eftir sögn fer *non* á undan sögninni:

|                                |                               |
|--------------------------------|-------------------------------|
| Nessuno è qui                  | Enginn er hér                 |
| Non ho avuto nessuna risposta  | Ég hef ekki fengið neitt svar |
| Non conosco nessuno alla festa | Ég þekki engan í veislunni    |

**Niente og nulla** eru eintöluorð, gjarnan notuð með *non* á sama hátt og *nessuno*. *Niente* er meira notað en *nulla*:

|                             |                          |
|-----------------------------|--------------------------|
| Niente zucchero per me      | Engan sykur fyrir mig    |
| Giovanni non capisce niente | Jóhann skilur ekki neitt |
| Non vedo nulla              | Ég sé ekki neitt         |

Loks má nefna að mörg óákveðin fornöfn eru notuð bæði sem fornöfn og sem lýsingarorð, til að mynda *molto* og *tanto* (margir), *poco* (fáir), *altro* (annar), *alcuno* og *parecchio* (sumir, nokkrir) og *tutto* (allir). Þessi orð beygjast öll reglulega.

|  |                           |
|--|---------------------------|
| Molti sono venuti                      | Það komu margir           |
| C'è tanta gente qui                    | Það er margt fólk hér     |
| Ho fatto poco                          | Ég hef fátt gert          |
| Un'altra bottiglia di vino, per favore | Aðra flösku af víni, takk |
| Alcuni lo conoscono                    | Sumir þekkja hann         |

Þegar *tutto* stendur sem lýsingarorð fylgir greinir með nafnorðinu:

|                              |                        |
|------------------------------|------------------------|
| Ho aspettato tutto il giorno | Ég beið allan daginn   |
| Tutta la famiglia è qui      | Öll fjölskyldan er hér |

## Forsetningar

Notkun forsetninga er oft ómögulegt að þýða beint á milli tungumála og erfitt að gefa reglur um þær (á íslensku er til að mynda sagt *í Hafnarfirði en á Ísafirði* og það er bæði hægt að vera *í bænum* og *á bænum*). Hér á eftir eru taldar upp helstu ítölsku forsetningarnar og gefin dæmi um notkun þeirra. Fimm þeirra (*a, da, di, in, su*) renna saman við ákveðna greininn þegar hann kemur á eftir þeim (sjá töflu bls. 4), en hinar fjórar gera það ekki (*con, per, tra, fra*).

Í íslensku stýra forsetningar falli (*um mig, frá mér, til mín*) en ítölsk nafnorð fallbeygjast ekki. Þó má segja að persónufornöfn fallbeygist og fornöfnin *mi, ti, ci* og *vi* verða *me, te, ce* og *ve* þegar þeim er stýrt af forsetningu (til dæmis *per me, con te*).

**a** er stundum rituð *ad* á undan sérhljóða, einkum á undan *a*. Algengasta merking forsetningarinnar er **til** eða **á**: til persónu, til staðar eða á stað, til tíma eða á tíma:

|                            |   |
|----------------------------|---|
| Scrivo a mio fratello      | Ég skrifa til bróður míns                           |
| Ho dato il libro a Roberto | Ég lét Róbert fá bókina (ég lét bókina til Róberts) |
| Andiamo a Roma             | Við förum til Rómars                                |
| Vai al teatro?             | Ferðu í leikhúsið?                                  |
| Siamo a casa               | Við erum heima                                      |
| Abito ad Arezzo            | Ég bý í Arezzo                                      |
| Dalle nove alle undici     | Frá klukkan átta til ellefu                         |
| Da martedì a giovedì       | Frá þriðjudegi til fimmtudags                       |
| A che ora parte il treno?  | Hvenær fer lestin (á hvaða stundu fer lestin)?      |
| Mangiamo all'una a Natale  | Við borðum klukkan eitt á jólnum                    |

Forsetningin *a* er líka notuð þegar gefnar eru upplýsingar um áttir, fjarlægðir og staðsetningu og enn fremur í ýmsum kunnuglegum frösum er varða mat og drykk:

|                                   |   |
|-----------------------------------|---|
| Prendi la prima strada a sinistra | Taktu fyrstu götu til vinstri           |
| L'albergo è a due chilometri      | Hótelið er í tveggja kílómetra fjarlægð |
| Perugia è a nord di Roma          | Perugia er norðan Rómars                |
| Spaghetti alle vongole            | Spagetti með kræklingum                 |
| Pasta alla veneziana              | Pasta að hætti Feneyinga                |
| Tè al limone                      | Sítrónute                               |

**con** merkir oftast **með**:

|                                   |                                       |
|-----------------------------------|---------------------------------------|
| Vado a Roma con Paola             | Ég fer til Rómars með Pálu            |
| Un tè con latte ma senza zucchero | Te með mjólk en án sykurs             |
| Taglia il pane con quel coltello  | Hann/hún sker brauðið með þessum hníf |

Stundum er *con* notað um verkfæri og aðstæður, og stundum vísar það til þess sem beinist að manni:

|   |  |
|---|--|
| Ho fatto queste tende con un vecchio copriletto | Ég gerði þessi gluggatjöld úr gömlu rúmteppi |
| Con questo caldo è difficile lavorare           | Í þessum hita er erfitt að vinna             |
| Era sempre gentile con me                       | Hann var alltaf góður við mig                |
| Con mia grande sorpresa                         | Mér til mikillar furðu                       |

**da** merkir oftast **frá**: frá tíma, frá stað. Það getur líka þýtt **síðan** eitthvað (þ.e. frá einhverjum tíma). Önnur merking er **af**: gert af einhverjum, af einhverjum orsökum:

|                                   |                                     |
|-----------------------------------|-------------------------------------|
| Dall'una alle due                 | Frá eitt til tvö                    |
| Da gennaio a giugno               | Frá janúar til júní                 |
| Vengono da Siena oggi             | Þeir koma frá Siena í dag           |
| La trattoria è lontano dal centro | Veitingahúsið er langt frá miðbænum |
| Da luglio, da sei mesi            | Síðan í júlí, um sex mánaða skeið   |

Abito qui dal 1987  
Un libro scritto da Mario  
Tremare dal freddo

Ég hef búið hér síðan 1987  
Bók skrifuð af Mario  
Að skjálfa af kulda

Forsetningin *da* merkir líka þegar **að** og er ennfremur notuð um tilgang og kaupverð:

Da giovane, lui era molto sportivo  
Occhiali da sole  
Scarpe da calcio  
Un francobollo da 90 centesimi  
Il menù da 50 euro

Þegar hann var ungur var hann mikill íþróttamaður  
Sólgleraugu (gleraugu vegna sólar = tilgangur)  
Fótboltaskór (skór vegna fótbolta = tilgangur)  
90 senta frímerki (kaupverð)  
Fimmtíu evru matseðillinn (kaupverð)

Loks er *da* notað á undan sögn í nafnhætti, líkt og **að** á íslensku:

Qualcosa da mangiare  
Casa da vendere

Eitthvað að borða  
Hús til sölu

**di** er fyrst og fremst sú forsetning sem notuð er til að mynda eignarfall:

La casa di mia madre  
Il numero di telefono  
L'arrivo del treno  
Il giornale di oggi

Hús móður minnar  
Símanúmerið  
Koma lestarinnar  
Blað dagsins = blaðið í dag

Forsetningin *di* er líka notuð þegar vísað er til innihalds eða gerðar hluta með **af** eða **úr**, en þá er reyndar oft hægt að nota eignarfall á íslensku:

Un bicchiere d'acqua  
Un chilo di pomodori  
Una camicia di lana  
Uno di noi

Glas af vatni (eignarfall: vatnsglas)  
Kíló af tómötum  
Skyrta úr ull (eignarfall: ullarskyrta)  
Einn af okkur

Forsetningin *di* er einnig notuð til að vísa til höfunda, þar sem sagt er **eftir** á íslensku, og til uppruna-  
staðar þar sem sagt er **frá** á íslensku:

Un film di Fellini  
Di dov'è? Sono di Milano

Kvikmynd eftir Fellini  
Hvaðan ertu? Ég er frá Milano

Enn má nefna að *di* er notað þegar vísað er til tíma þar sem á íslensku gæti verið notað **um**, með há-  
stigi lýsingarorða þar sem á íslensku er notað **í**, og með tölu þegar sagt er (meira/minna) **en**:

Alle sette della mattina  
È chiuso d'inverno  
È il più grande paese del mondo  
Sei l'uomo più gentile della città  
Ho meno di 50 euro  
Gioca meglio di me

Klukkan sjö um morgun  
Það er lokað um veturinn  
Það er stærsta land í heimi  
Þú er besti maðurinn í bænum  
Ég á minna en 50 evrur  
Hann/hún spilar betur en ég

**fra og tra** eru notaðar jöfnum höndum og merkja **á milli** eða **meðal**. Þessar forsetningarnar eru líka  
notaðar til að segja **innan** tiltekins tíma eða **eftir** tiltekinn tíma:

Fra amici  
Tra gli ospiti c'è Paolo  
Tra un mese arriva la macchina nuova  
Parto fra una settimana

Meðal vina  
Meðal gestanna var Páll  
Innan mánaðar kemur nýi bíllinn  
Ég fer eftir viku

**in** táknar oftast **í** eða **á** einhverjum stað eða tíma og líkist mjög forsetningunni *in* á ensku:

Abbiamo affittato una villa in Italia  
I libri sono nell'armadio

Við höfum leigt hús á Ítalíu  
Bækurnar eru í skápnum

... in Italy  
...in the cupboard

|                                  |                                   |                       |
|----------------------------------|-----------------------------------|-----------------------|
| Palermo è nel nord della Sicilia | Palermo er á Sikiley norðanverðri | ...in the north of    |
| Viaggio in macchina o in treno   | Ég ferðast í bíl eða í lest       | ...in car or in train |

Greininum er oft sleppt þegar talað er um kunnuglega staði:

|                              |                       |
|------------------------------|-----------------------|
| Abbiamo una casa in campagna | Við eigum hús í sveit |
| Vado in città                | Ég fer í bæinn        |

Forsetningin *in* er líka notuð til að vísa til tíma og árs:

|                             |                          |              |
|-----------------------------|--------------------------|--------------|
| Ci sono andato nel 1995     | Ég fór þangað árið 1995  | ... in 1995  |
| Prendo le vacanze in agosto | Ég tek fríin mín í ágúst | ...in August |

Hér má bæta við að bæði *in* og *a* samsvara í og á þegar vísað er til staðar. Forsetningin *in* er notuð um meginlönd, þjóðlönd, stórar eyjar og landsvæði, en *a* notuð um borgir, þorp og litlar eyjar:

in Europa, in Italia, in Toscana, in Sardegna, in Islanda  
a Capri, a Roma, a Reykjavík, ad Akranes

**per** merkir oft **vegna** eða **fyrir** (sbr. ensku forsetningua *for*):

|                                |  |
|--------------------------------|--|
| Fare qualcosa per ambizione    | Gera eitthvað vegna framagirndar           |
| Per le condizioni del tempo    | Vegna veðurs                               |
| Tremare per la paura           | Hann skalf vegna hræðslu                   |
| Un regalo per Maria            | Gjöf fyrir Maríu                           |
| Lavora per la Fiat             | Hann vinnur fyrir Fiat                     |
| Noleggiare per dieci giorni    | Leigja í tíu daga (... for ten days)       |
| Ho comprato dei fiori per Anna | Ég keypti blómin handa Önnu (... for Anna) |

Forsetningin *per* merkir líka gegnum land, á landi, til lands:

|                            |                            |
|----------------------------|----------------------------|
| Sono passato per Catania   | Ég fór gegnum Catania      |
| Camminava per strada       | Hann gekk götuna           |
| Partiamo oggi per l'Italia | Við förum í dag til Ítalíu |

Forsetningin *per* er líka notuð til að tala um talnareikning, samanber *per cent*, *af hundraði*:

|                               |                             |
|-------------------------------|-----------------------------|
| Cinque per tre fa quindici    | Fimm sinnum þrír er fimmtán |
| Dividere per sette            | Deila með sjö               |
| Lo sconto del dieci per cento | Tíu prósent afsláttur       |

Þegar *per* er notað með nafnhætti sagna merkir það tilgang eða ástæðu:

|                                       |  |
|---------------------------------------|--|
| Torno a Firenze per vedere le statue  | Ég fer aftur til Flórens til að skoða stytturnar |
| Sei troppo giovane per uscire da solo | Þú ert of ungur til að fara einn út              |

Loks er vert að veita ýmsum orðatiltækjum athygli:

|                   |                         |
|-------------------|-------------------------|
| Per favore        | Gjörðu svo vel          |
| Per piacere!      | Vertu svo vænn! Please! |
| Per fortuna       | Sem betur fer           |
| Per me            | Að mínu álit            |
| Giorno per giorno | Dag eftir dag           |

**SU** merkir oftast **ofan á** eða **yfir**:

|                           |                        |
|---------------------------|------------------------|
| È seduta su una sedia     | Hún sat á stól         |
| Il giornale è sul tavolo  | Blaðið er á borðinu    |
| Il ponte sul fiume Tevere | Brúin yfir ána Tíber   |
| C'è nebbia sulla città    | Það er þoka yfir bænum |

**Aðrar forsetningar** en þær nú sem gerð er grein fyrir hér að framan eru nefndar óeiginlegar forsetningar því þær eru myndaðar úr orðum sem tilheyra líka öðrum orðflokkum, einkum atviks-orðum eða lýsingarorðum:

|   |                    |   |                           |
|---|--------------------|---|---------------------------|
| attraverso                              | gegnum, þvert yfir | oltre                                   | lengra en, lengur en, auk |
| durante                                 | á meðan            | secondo                                 | samkvæmt                  |
| lungo                                   | meðfram, á meðan   | verso                                   | í átt að                  |
| Corriamo lungo il fiume, verso la città |                    | Við ökum meðfram ánni í átt að borginni |                           |
| Secondo me, andiamo attraverso il fiume |                    | Ég tel að við förum yfir ána            |                           |

Sumar óeiginlegar forsetningar þurfa að taka með sér eiginlega forsetningu til að gegna hlutverki sínu:

|  |                         |  |                 |
|--|-------------------------|--|-----------------|
| accanto a                              | við hliðina á, næst við | al posto di                            | í staðinn fyrir |
| avanti a                               | á undan, fyrir framan   | fuori di                               | fyrir utan, úti |
| fino a                                 | þar til, þangað til     | invece di                              | í staðinn fyrir |
| vicino a                               | nálægt                  | prima di                               | á undan         |
| Dormi accanto a me, al posto di mamma  |                         | Sofðu næst mér, í staðinn fyrir mömmu  |                 |
| Sono fuori di casa, vicino alla piazza |                         | Ég er fyrir utan húsið, nálægt torginu |                 |

Sumar forsetningar taka með sér *di* á undan persónufornöfnum, annars ekki:

|   |                        |  |                    |
|---|------------------------|--|--------------------|
| dentro  | inni í, innan          | senza                                    | án                 |
| dietro  | fyrir aftan, aftan við | sopra                                    | uppi á, fyrir ofan |
| dopo  | á eftir                | sotto                                    | undir, fyrir neðan |
| È partito <u>senza</u> Anna e <u>senza di</u> me  |                        | Hann fór án Önnu og án mín               |                    |
| Abito <u>sotto di</u> te, <u>sopra</u> il negozio |                        | Ég bý fyrir neðan þig, fyrir ofan búðina |                    |

## Neitanir og upphrópanir

**Neitanir** er algengast að gera með orðinu *non* (ekki) og stundum fylgja því hjálparorð eins og *niente* (neitt) og *mai* (aldrei)<sup>9</sup>. Einnig eru til neitandi fornöfn eins og *nessuno* (enginn) og *neanche* (ekki einu sinni).

**Non** án hjálparorða stendur jafnan fremst í setningu:

|                                    |  |
|------------------------------------|--|
| Sono islandese, non sono irlandese | Ég er íslenskur, ég er ekki írskur                   |
| Non ho mangiato                    | Ég hef ekki borðað                                   |
| Non è arrivata                     | Hún er ekki komin                                    |
| Si alza tardi, non si alza presto  | Hann fer seint á fætur, hann fer ekki snemma á fætur |

Þegar neitandi hjálparorð eru notuð með sögnum er röðin venjulega *non + sögn + neitunarorð*:

|                                 |  |
|---------------------------------|--|
| Il treno non è mai in orario    | Lestin er aldrei á réttum tíma (in orario = á réttum tíma) |
| Non dimenticare mai             | Aldrei að gleyma   |
| Non lo vedo mai                 | Ég sé hann aldrei  |
| Non vedo niente, non vedo nulla | Ég sé ekki neitt, ég sé ekkert                             |
| Non dice mai niente             | Hann segir aldrei neitt                                    |
| Non vedo mai nessuno            | Ég sé aldrei neinn   |

Þegar setning hefst á neitandi orði fylgir *non* ekki með:

|                                 |                               |
|---------------------------------|-------------------------------|
| Nessuno vuole nuotare? Nessuno! | Vill enginn synda? Enginn!    |
| Mai in vita mia                 | Aldrei á ævi minni            |
| Niente più e niente meno        | Hvorki meira né minna         |
| Neanche Anna lo sa              | Ekki einu sinni Anna veit það |

**Upphrópanir** eru oft gerðar með orðunum *che*, *quale*, *quanto* og *come*:

|                                |                                    |
|--------------------------------|------------------------------------|
| Che noia! Che stupidi!         | Hvílík leiðindi! Hvílikir bjánar!  |
| Che bello! Che bella giornata! | Hve fallegt! Hve falleg dagstund!  |
| Quale spettacolo!              | Þvílík leiksýning!                 |
| Quanta gente! Quanto rumore!   | En sá mannfjöldi! Hvílikur hávaði! |
| Quanto sei gentile!            | En hve þú ert góður!               |
| Come sta bene!                 | En hvað hann lítur vel út!         |
| Come siete gentili!            | En hvað þið eruð góð!              |

---

<sup>9</sup> Orðið *mai* þýðir oftast *aldrei* á íslensku, en getur líka þýtt *nokkun tíma*, enda skyld hugtök á ferðinni. Þannig mundi *Hai mai fumato?* oftast vera þýtt *Hefur þú nokkurn tíma reykt?* en svipuð merking fengist með því að spyrja *Hefur þú aldrei reykt?* Á ensku er *mai* á sama hátt oftast þýtt með *never*, en stundum með *ever*. Þá hljóma fyrrgreindar spurningar svona: *Have you ever smoked? Have you never smoked?*

## Tölur og dagsetningar

**Frumtölur** frá núll til nítján eru sýndar hér fyrir neðan. Áherslustaður er sýndur með undirstrikun þegar áherslan er ekki á næstsíðasta atkvæðinu. Í tölunum 11-16 er *dici* viðskeyti og áherslan er á forskeytinu, en í 17-19 snýst þetta við og áherslan er á næst-síðasta atkvæði:

|   |         |   |        |    |                       |    |                        |
|---|---------|---|--------|----|-----------------------|----|------------------------|
| 0 | zero    | 5 | cinque | 10 | dieci                 | 15 | qu <sup>in</sup> -dici |
| 1 | uno     | 6 | sei    | 11 | <u>un</u> -dici       | 16 | se-dici                |
| 2 | due     | 7 | sette  | 12 | <u>do</u> -dici       | 17 | dici- <u>assette</u>   |
| 3 | tre     | 8 | otto   | 13 | tr <u>e</u> -dici     | 18 | dici-otto              |
| 4 | quattro | 9 | nove   | 14 | quatt <u>or</u> -dici | 19 | dici-annove            |

*Uno* er eina frumtalan sem breytist eftir kyni þess sem talan á við, *uno* og *una*. Hinar beygjast ekki, að öðru leyti en því að núll, *zero*, er líka til í fleirtölu, *zeri*. Næst koma nöfn tuganna:

|    |           |    |          |
|----|-----------|----|----------|
| 20 | venti     | 60 | sessanta |
| 30 | trenta    | 70 | settanta |
| 40 | quaranta  | 80 | ottanta  |
| 50 | cinquanta | 90 | novanta  |

Þegar talið er frá 21 upp í 99 er tugurinn nefndur fyrst. Þegar töluorðið sem fylgir tugnum hefst á sérhljóða (*uno* eða *otto*) er sérhljóða sleppt aftan af tugnum. Dæmi:

|    |               |    |             |    |                  |
|----|---------------|----|-------------|----|------------------|
| 21 | vent-uno      | 26 | venti-sei   | 31 | trent-uno        |
| 22 | venti-due     | 27 | venti-sette | 32 | trenta-due       |
| 23 | venti-trè     | 28 | vent-otto   | 43 | quaranta-trè     |
| 24 | venti-quattro | 29 | venti-nove  | 55 | cinquanta-cinque |
| 25 | venti-cinque  | 30 | trenta      | 88 | ottant-otto      |

Hærri tölur eru settar saman eins og í íslensku, byrjað á hæstu einingunum og talið niður. Ein milljón og einn milljarður eru höfð með greini, *un milione* og *un miliardo*, en eitt þúsund og eitt hundrad eru jafnan höfð án greinis, *mille* og *cento*. Í fleirtölu verða milljónir og milljarðar að *milioni* og *miliardi*, en *cento* er óbreytt í fleirtölu og *mille* verður *mila*. Löng töluorð eru skrifuð óslitin á ítölsku, til dæmis *duemilioniduecentodieci*, en hér fyrir neðan eru þau bútuð svolítið niður til hægðarauka fyrir lesandann:

|       |           |     |                  |               |                          |
|-------|-----------|-----|------------------|---------------|--------------------------|
| 100   | cento     | 101 | cento-uno        | 1.300         | mille-trecento           |
| 200   | due-cento | 102 | cento-due        | 2.321         | duemila-trecento-ventuno |
| 300   | tre-cento | 108 | cento-otto       | 1.000.000     | un milione               |
| 1.000 | mille     | 121 | cento-ventuno    | 2.000.202     | duemilioni-duecento-due  |
| 2.000 | due-mila  | 221 | duecento-ventuno | 1.000.000.000 | un miliardo              |

Fyrstu tíu **raðtölurnar** hafa sérstök heiti, hærri raðtölur eru myndaðar með því að skeyta *-esimo* aftan við frumtöluna (og fella niður sérhljóða, nema *-trè* sem er haldið en missir áhersluna). Áherslan lendir þá á þriðja síðasta atkvæðinu, *-esimo*:

|    |         |     |                 |       |                       |
|----|---------|-----|-----------------|-------|-----------------------|
| 1. | primo   | 6.  | sesto           | 11.   | undic <u>e</u> simo   |
| 2. | secondo | 7.  | settimo         | 20.   | vent <u>e</u> simo    |
| 3. | terzo   | 8.  | ottavo          | 23.   | ventit <u>r</u> esimo |
| 4. | quarto  | 9.  | nono            | 100.  | cent <u>e</u> simo    |
| 5. | quinto  | 10. | d <u>e</u> cimo | 1000. | mille <u>s</u> imo    |

Allar raðtölur beygjast eftir kyni og tölu viðfangsefnisins, rétt eins og í íslensku: sá fyrsti, sú fyrsta, þeir fyrstu, þær fyrstu, o.s.v.frv:

|                      |                   |
|----------------------|-------------------|
| il quinto capitolo   | fimmti kaflinn    |
| la seconda settimana | önnur vikan       |
| i primi mesi         | fyrstu mánuðirnir |



**Mánaðardagar** eru þannig nefndir að einungis fyrsti dagur hvers mánaðar er tilgreindur með raðtölu, en aðrir dagar eru nefndir með frumtölum:

|                   |                 |
|-------------------|-----------------|
| il primo novembre | fyrsti nóvember |
| il due novembre   | annar nóvember  |
| il dodici giugno  | tólfti júní     |

Kóngafólk og páfar eru númeruð með raðtölum, eins og í íslensku:

|              |                       |                  |
|--------------|-----------------------|------------------|
| Elisabetta I | Elisabetta Prima      | Elísabet fyrsta  |
| Luigi XIV    | Luigi Quattordicesimo | Lúðvík fjórtándi |
| Leone X      | Leone Decimo          | Leó tíundi       |

Þegar talað er um **liðnar aldir** er það venjulega gert með raðtölum eins og í íslensku. Árin milli 1200 og 1300 eru þá þrettánda öldin, *il secolo tredicesimo*. En þegar fjallað er um tímabilið frá þrettánda til tuttugustu aldar (ekki síst ef rætt er um sögu og listir frá Endurreisnartímabilinu) þá er árhundraðið oft nefnt eftir fyrra ártalinu, líkt og í ensku, en talið frá árinu 1000! Árin milli 1200 og 1300, sem á ensku heita tólfhundraðin, heita þá á ítölsku Tvöhundraðin (ritað með stórum staf), *il Duecento*:

|           |                  |                           |              |
|-----------|------------------|---------------------------|--------------|
| 1200-1300 | þrettánda öldin  | il secolo tredicesimo     | il Duecento  |
| 1300-1400 | fjórtánda öldin  | il secolo quattordicesimo | il Trecento  |
| 1800-1900 | nítjándi öldin   | il secolo diciannovesimo  | l'Ottocento  |
| 1900-2000 | tuttugasta öldin | il secolo ventesimo       | il Novecento |

**Einstök ár** eru nefnd með greini og frumtölu:

Il millenovecentosessantotto è stato un anno molto buono      Árið 1968 var mjög gott ár

**Brotatölur** eru nefndar með sama hætti og í íslensku, teljarinn (fyrir ofan brotastrikið) er frumtala, en nefnarinn er raðtala. Rétt eins og í íslensku hefur brotið  $\frac{1}{2}$  þó sín eigin heiti; hálfur er *mezzo* og helmingur er *metà*.

|        |               |                 |
|--------|---------------|-----------------|
| 2/3    | due terzi     | tveir þriðju    |
| 1/4    | un quarto     | einn fjórði     |
| 3/1000 | tre millesimi | þrjú þúsundustu |

Og að lokum er rétt að nefna **reikniaðgerðirnar fjórar**:

|                 |            |                  |                            |
|-----------------|------------|------------------|----------------------------|
| addizione       | samlagning | $2 + 3 = 5$      | due più tre fa cinque      |
| sottrazione     | frádráttur | $9 - 3 = 6$      | nove meno tre fa sei       |
| moltiplicazione | margföldun | $4 \times 2 = 8$ | quattro per due fa otto    |
| divisione       | deiling    | $10 \div 2 = 5$  | dieci diviso due fa cinque |

## Um sagnbeygingar

**Sagnorð** beygjast eftir sömu lögmálum í ítölsku og í íslensku, annars vegar eftir persónu og tölu og hins vegar eftir tíð og hætti. Sagnbeygingar eru þó fjölbreyttari í ítölsku vegna þess að sagnorðin taka fleiri beygingum án hjálparsagna og því er meira lagt upp úr merkingarmun beyginganna.

Í þessum kafla verður byrjað á að gefa yfirlit yfir formgerð sagnbeyginga eftir háttum og tíðum og síðan fjallað svolítið um notkun beyginganna og þá raunverulegu merkingu sem tíðir sagnanna hafa. Slíkan mun á formgerð og merkingu þekkjum við líka í íslensku; bæði nútíð og framtíð eru notaðar til að fjalla um ókomna tíð en á því er samt áherslumunur: *ég kem á morgun, ég mun koma á morgun*.

Þvínæst koma kaflar þar sem beygingar reglulegra sagna eru sýndar. Reglulegum sögnum er skipt í **þrjá beygingaflokka** sem kenndir eru við endingar sagnanna í nafnhætti: **-are, -ere** og **-ire** sagnir. Beygingar reglulegra sagna eru þannig að einungis endingar sagnanna breytast, en engar breytingar verða á sjálfum orðstofninum. Flestar ítalskar sagnir beygjast nokkuð reglulega, en sumar algengar sagnir beygjast óreglulega og beygingar þeirra eru sýndar í kaflanum á bls. 34.

**Hættir sagna** eru annars vegar fallhættir og hins vegar persónuhættir. **Fallhættir** í íslensku eru þrír; nafnháttur, lýsingarháttur nútíðar og lýsingarháttur þátíðar: *að fara, farandi, farið*. Í ítölsku eru fallhættir notaðir svipað og í íslensku, nema hvað lýsingarháttur nútíðar skiptist í tvo hætti (sjá bls. 32). Fallhættir beygjast ekki eftir persónum og standa líkt og fallorð í setningum.

Fjölbreytni sagnanna birtist í **persónuháttum** þeirra, þar sem þær beygjast eftir persónum og tíðum: *ég kem, þú komst, hann kæmi, komdu*, o.sv.frv. Persónuhættirnir eru þrír: Framsöguháttur er notaður fyrir venjulega hlutlausu frásögn, viðtengingarháttur er notaður til að tákna óvissu, óskir og skilyrði, og boðháttur tjáir skipanir. Tveir þeir fyrri eru til í mörgum tíðum, en boðhátturinn er eðli sínu samkvæmt aðeins til í nútíð: *Tak sæng þína og gakk*.

**Tíðir sagna** endurspeglar þrennskonar viðhorf okkar til tímans: Atburðir eiga sér stað í fortíð, nútíð eða framtíð. Í íslensku eru nútíð og þátíð ósamsettar, eitt orð, en framtíð er mynduð með hjálparsögn. Dæmi í fyrstu persónu framsöguháttar: *ég söng, ég syng, ég mun syngja*. Í ítölsku eru þessar tíðir hins vegar **allar ósamsettar**: *cantavo, canto, canterò*.

Bæði í íslensku og í ítölsku eru síðan til það sem nefna má **liðnar tíðir**. Þær vísa til þess að við eigum okkur fortíð og á þeim tíma var hin líðandi stund kölluð nútíð, þátíðin var það sem þá var að baki og framtíðin allt það sem framundan var. Dæmi til skýringar:

|   |  |
|---|--|
| Þáliðin tíð ( <i>þátíð á liðnum tíma</i> ): | Í fyrra var fortíð mín sú að ég <u>hafði verið</u> ...         |
| Núliðin tíð ( <i>nútíð á liðnum tíma</i> ): | Undanfarið hefur staða mín verið sú að ég <u>hef verið</u> ... |
| Þáframtíð ( <i>framtíð á liðnum tíma</i> ): | Í gær voru horfurnar þær að ég <u>mun hafa verið</u> ...       |

Ítalskan er reglulegri en íslenskan að því leyti að allar tíðir sem lýsa viðhorfi okkar á líðandi stund eru ósamsettar en allar liðnu tíðirnar eru **samsettar**, myndaðar með einni hjálparsögn sem beygist og aðal-sögninni í lýsingarhætti þátíðar:

|              |               |                    |
|--------------|---------------|--------------------|
| Þátíð:       | cantavo       | ég söng            |
| Nútíð:       | canto         | ég syng            |
| Framtíð:     | canterò       | ég mun syngja      |
| Þáliðin tíð: | avevo cantato | ég hafði sungið    |
| Núliðin tíð: | ho cantato    | ég hef sungið      |
| Þáframtíð:   | avrò cantato  | ég mun hafa sungið |

Loks er þess að geta að í ítölsku er til sérstök tíðbeyging sem nefnist *passato remoto* – *söguítíð* (orðrétt: fjarlæg þátíð) og er sú mjög oft óregluleg. Þessi tíðbeyging er lítið notuð nú til dags nema í hátíðlegu ritmáli, hún er bara til í framsöguhátti og hún á sér enga samsvörun í íslensku.<sup>10</sup>

<sup>10</sup> Reyndar mun *passato remoto* enn vera notuð í daglegu máli víða á Suður-Ítalíu, en það er nánast málýska.

## Notkun tíða í ítölsku

Sem fyrr segir er talað um ókominn tíma með sama móti bæði á ítölsku og íslensku, ýmist í nútíð (*vado domani – ég fer á morgun*) eða með því að nota framtíð sagnarinnar (*andrò domani – ég mun fara á morgun*). Merkingarmunurinn er líka svipaður: Nútíð er notuð þegar athafnir morgundagsins eru vafalaugar, en framtíð er notuð um það sem til stendur, fyrirætlanir sem geta brugðist.

Um liðinn tíma gegnir öðru máli, því ítalskan notar **bæði** þátíð og núliðina tíð, þar sem þátíð er notuð á íslensku. Hin ósamsetta ítalska þátíð nefnist *passato imperfetto, ólokin þátíð*, en hún er eingöngu notuð til að lýsa ástandi sem ekki var afmarkað í tíma, var sífellt endurtekið eða tengdist hugarástandi eða líðan frekar en atburðum. Núliðin tíð, sem heitir *passato prossimo, nálæg þátíð*, er hins vegar ætíð notuð þegar verið er að tala um atburði sem áttu sér bæði upphaf og endi, eru afmarkaðir í tíma. Það verður hér eftir nefnt **afmörkuð þátíð**. Loks er rétt að minnast aftur á þriðju þátíðina, *sögutíð*, en hún er sem fyrr segir lítt notuð í daglegri tali.

Skildagatíð er mikið notuð á ítölsku og ber með sér mjög skýr skilaboð um afstöðu þess sem talar til umræðuefnisins. Hún er notuð til að tjá kurteislega óskir, til dæmis á veitingahúsi (*vorrei una bottiglia di vino, ég vildi gjarnan fá flösku af víni*), og hún er ætíð notuð í fjölmiðlum þegar fluttar eru fréttir byggðar á óstaðfestum upplýsingum.

**Hugreysting:** Fyrir þann sem er að byrja að læra ítölsku og vill kannski spreyta sig sem ferðamaður þarf málið samt ekki að vera svona flókið. Ef maður er ekki feiminn við að tala svolítið málfræðilega klunnalega (sem allir Ítalir fyrirgefa með ástúð hverjum þeim sem bara reynir að tala málið), þá er nóg að kunna að beygja sagnir í nútíð og þekkja lýsingarhátt þátíðar af þeim! Síðan notar maður *núttíðina* til að tala bæði um nútíð og framtíð, og *núliðna tíð* til að tjá sig um alla liðna atburði. Skildagatíðinni sleppir maður bara og allir skilja að það er ekki skortur á háttvísi, heldur túrista-ítalska:

|                                   |                               |
|-----------------------------------|-------------------------------|
| Compro queste scarpe              | Ég kaup þessa skó             |
| Compro la giacca domani           | Ég kaup jakkann á morgun      |
| Ho comprato la gonna ieri sera    | Ég keypti kjólinn í gærkvöld  |
| Voglio un'altra bottiglia di vino | Ég vil fá aðra flösku af víni |

Einfaldara gæti það ekki verið!

## Framsöguháttur – ósamsettar tíðir

### Nútið reglulegra sagna

Reglulegar sagnir skiptast í þrjá beygingaflokka: *-are*, *-ere* og *-ire* sagnir. Í nútið eru þó til tvær útgáfur af *-ire* sögnum, því sumar *-ire* sagnir skjóta inn hljóðinu *-isc-* næst á undan beygingarendingunni. Þetta gerist bara í nútið, og er **eina** undantekningin frá þeirri reglu að beyging reglulegra sagna komi bara fram í beygingarendingunum. Engin regla er á því í hvorn flokkinn *-ire* sagnir falla.

Hér eru sýnd dæmi um allar reglulegar beygingar í nútið. Til þess að undirstrika hversu reglulegar beygingarendingarnar eru í raun og veru hafa frávikin milli flokka verið svartlettuð. Ekki er þó hirt um að merkja þannig *-isc-* innskotið í afbrigðilegu *-ire* sögninni *finire*. Í 3. persónu fleirtölu flyst áherslan á þriðja síðasta atkvæðið: *parlano*, *vendonno*, *partono*, *finiscono*.

|              | <b>parl-are</b> | <b>vend-ere</b> | <b>part-ire</b> | <b>fin-ire</b> |
|--------------|-----------------|-----------------|-----------------|----------------|
| 1. pers. et. | parl·o          | vend·o          | part·o          | fin·isc·o      |
| 2. pers. et. | parl·i          | vend·i          | part·i          | fin·isc·i      |
| 3. pers. et. | parl·a          | vend·e          | part·e          | fin·isc·e      |
| 1. pers. ft. | parl·iamo       | vend·iamo       | part·iamo       | fin·iamo       |
| 2. pers. ft. | parl·ate        | vend·ete        | part·ite        | fin·ite        |
| 3. pers. ft. | parl·ano        | vend·ono        | part·ono        | fin·isc·ono    |

### Þátíð reglulegra sagna

Þátíð reglulegra sagna er fremur einföld, því allar sagnir eru reglulegar í þátíð nema sögnin *essere* og þrjár aðrar óreglulegar sagnir. Allar sagnir taka **sömu endingu** og *-are* sagnir í nútið (nema *-iamo* verður *-amo* í 1. pers. ft.), en lengja endinguna með *-av*, *-ev* og *-iv*.

|              | <b>parl-are</b> | <b>vend-ere</b> | <b>part-ire</b> |
|--------------|-----------------|-----------------|-----------------|
| 1. pers. et. | parl·av·o       | vend·ev·o       | part·iv·o       |
| 2. pers. et. | parl·av·i       | vend·ev·i       | part·iv·i       |
| 3. pers. et. | parl·av·a       | vend·ev·a       | part·iv·a       |
| 1. pers. ft. | parl·av·amo     | vend·ev·amo     | part·iv·amo     |
| 2. pers. ft. | parl·av·ate     | vend·ev·ate     | part·iv·ate     |
| 3. pers. ft. | parl·av·ano     | vend·ev·ano     | part·iv·ano     |

Sagnirnar þrjár sem auk *essere* hafa óreglulega þátíð eru *fare*, *bere* og *dire*. Þessar sagnir eru stytta útgáfa af latneskum sögnum, *facere*, *bere* og *dicere*, og hin latneska mynd þeirra skýtur upp kollinum í beygingum þeirra í þátíð og í lýsingarhætti. Þær beygjast allar í þátíð eins og *-ere* sagnir.

|              | <b>fare</b> | <b>bere</b> | <b>dire</b> |
|--------------|-------------|-------------|-------------|
| 1. pers. et. | fac·ev·o    | bev·ev·o    | dic·ev·o    |
| 2. pers. et. | fac·ev·i    | bev·ev·i    | dic·ev·i    |
| 3. pers. et. | fac·ev·a    | bev·ev·a    | dic·ev·a    |
| 1. pers. ft. | fac·ev·amo  | bev·ev·amo  | dic·ev·amo  |
| 2. pers. ft. | fac·ev·ate  | bev·ev·ate  | dic·ev·ate  |
| 3. pers. ft. | fac·ev·ano  | bev·ev·ano  | dic·ev·ano  |

Sem fyrr segir hefur þátíðin takmarkaðri merkingu en í íslensku, því hún er eingöngu notuð til að tákna fortíð sem ekki er skýrt afmörkuð í tíma eða er huglægs eðlis, **ólokna þátíð**, sem á ítölsku kallast *imperfetto*. Meira er fjallað um muninn á ólokinni þátíð og afmarkaðri þátíð á bls. 34.

## Framtíð reglulegra sagna

Framtíð reglulegra sagna er nákvæmlega eins mynduð fyrir *-are* og *-ere* sagnir, en *-ire* sagnir halda í hljóði sínu fremst í beygingarendingunni. Áherslan flyst á aftasta atkvæði í 1. og 3. persónu eintölu, eins og höggið yfir *-ò* og *-à* gefa til kynna.

|              | <b>parl-are</b> | <b>vend-ere</b> | <b>part-ire</b> |
|--------------|-----------------|-----------------|-----------------|
| 1. pers. et. | parl-er·ò       | vend-er·ò       | part-ir·ò       |
| 2. pers. et. | parl-er-ai      | vend-er-ai      | part-ir-ai      |
| 3. pers. et. | parl-er-à       | vend-er-à       | part-ir-à       |
| 1. pers. ft. | parl-er-emo     | vend-er-emo     | part-ir-emo     |
| 2. pers. ft. | parl-er-ete     | vend-er-ete     | part-ir-ete     |
| 3. pers. ft. | parl-er-anno    | vend-er-anno    | part-ir-anno    |

Það er eins með ítölsku og íslensku, að í venjulegu tali er nútíð sagnar notuð til að tala um ókomna tíma. Þegar notuð er framtíð sagnar er verið að undirstrika að um sé að ræða fyrirætlanir, eða gefa til kynna að einhver vafi leiki á málinu. Nokkur dæmi:

|                            |   |                |
|----------------------------|---|----------------|
| Partiamo domani            | Við förum á morgun                          | <i>nútíð</i>   |
| Vado in vacanza in giugno  | Ég fer í frí í júní                         | <i>nútíð</i>   |
| Dormirete in questa camera | Þið munuð sofa í þessu herbergi             | <i>framtíð</i> |
| Dov'è lui? Sarà in ufficio | Hvar er hann? Hann mun vera á skrifstofunni | <i>framtíð</i> |
| Lei avrà vent' anni        | Hún mun vera tvítug                         | <i>framtíð</i> |

## Sagnirnar *avere* og *essere*

Allar samsettar tíðir eru myndaðar með því að nota *avere* eða *essere* sem hjálparsögn. Það er hjálpar-sögnin sem beygist, en með henni stendur aðalsögnin í **lýsingarhætti þátíðar**. Flestar sagnir nota *avere* – að *hafa* sem hjálparsögn, en þær sagnir sem nota *essere* – að *vera* eru einkum sagnir sem lýsa einhvers konar hreyfingu (sjá nánar í kaflanum um lýsingarhátt þátíðar, bls. 32).

Sögnin *avere* er óregluleg í nútíð eins og sjá má hér fyrir neðan. Í þátíð beygist hún hins vegar reglulega eins og *-ere* sögn og í framtíð er hún líka regluleg að öðru leyti en því að beygingarendingin sleppir fyrsta *e* hljóðinu.

|              | <b>Nútíð</b> | <b>Þátíð</b> | <b>Framtíð</b> |
|--------------|--------------|--------------|----------------|
| 1. pers. et. | ho           | av·ev·o      | av·r·ò         |
| 2. pers. et. | hai          | av·ev·i      | av·r·ai        |
| 3. pers. et. | ha           | av·ev·a      | av·r·à         |
| 1. pers. ft. | abbiamo      | av·ev·amo    | av·r·emo       |
| 2. pers. ft. | avete        | av·ev·ate    | av·r·ete       |
| 3. pers. ft. | hanno        | av·ev·ano    | av·r·anno      |

Sögnin *essere* er mjög óregluleg eins og sjá má hér fyrir neðan, ekki síst er stofn hennar mjög breytilegur. Í framtíð hagar hún sér líkt og *avere*, beygingarendingin er eins og í reglulegri *-ere* sögn en fyrsta *e* hljóðinu er sleppt.

|              | <b>Nútíð</b> | <b>Þátíð</b> | <b>Framtíð</b> |
|--------------|--------------|--------------|----------------|
| 1. pers. et. | sono         | er·o         | sa·r·ò         |
| 2. pers. et. | sei          | er·i         | sa·r·ai        |
| 3. pers. et. | è            | er·a         | sa·r·à         |
| 1. pers. ft. | siamo        | er·av·amo    | sa·r·emo       |
| 2. pers. ft. | siete        | er·av·ate    | sa·r·ete       |
| 3. pers. ft. | sono         | er·ano       | sa·r·anno      |

## Lýsingarhættir

### Lýsingarháttur þátíðar

Lýsingarháttur þátíðar, *participio passato*, er myndaður út frá nafnhætti sagna þannig að *-are* verður *-ato*, *-ere* verður *-uto* og *-ire* verður *-ito*:

| Nafnháttur | Lýsingarháttur þátíðar |       |
|------------|------------------------|-------|
| parl·are   | parl·ato               | talað |
| vend·ere   | vend·uto               | selt  |
| part·ire   | part·ito               | farið |
| fin·ire    | fin·ito                | lokið |

Lýsingarháttur þátíðar er mjög mikilvægur því hann er notaður með hjálparsögnunum *avere* og *essere* til að mynda **allar** samsettar tíðbeygingar. Dæmi um núliðna tíð:

Ho parlato           Ég talaði / hef talað  
Lui è partito       Hann fór / er farinn

Allmargar sagnir hafa óreglulegan lýsingarhátt þátíðar. Flestar eru þær *-ere* sagnir og aðeins ein þeirra er *-are* sögn, *fare* → *fatto*. Hér á eftir er listi yfir nokkrar algengustu sagnir úr þessum hóp:

|                |         |                   |                 |          |                   |
|----------------|---------|-------------------|-----------------|----------|-------------------|
| aprire         | aperto  | <i>opna</i>       | prendere        | preso    | <i>taka</i>       |
| bere           | bevuto  | <i>drekka</i>     | perdere         | perso    | <i>tapa</i>       |
| chiedere       | chiesto | <i>spyrja</i>     | ridere          | riso     | <i>hlægja</i>     |
| chiudere       | chiuso  | <i>loka</i>       | <u>rimanere</u> | rimasto  | <i>vera kyrr</i>  |
| correre        | corso   | <i>renna, aka</i> | rispondere      | risposto | <i>svara</i>      |
| dare           | dato    | <i>gefa</i>       | scegliere       | scelto   | <i>velja</i>      |
| decidere       | deciso  | <i>ákveða</i>     | <u>scendere</u> | sceso    | <i>fara niður</i> |
| dire           | detto   | <i>segja</i>      | scoprire        | scoperto | <i>uppgötva</i>   |
| dividere       | diviso  | <i>deila</i>      | scrivere        | scritto  | <i>skrifa</i>     |
| <u>essere</u>  | stato   | <i>vera</i>       | spegnere        | spento   | <i>slökkva</i>    |
| fare           | fatto   | <i>gera</i>       | spendere        | speso    | <i>eyða</i>       |
| leggere        | letto   | <i>lesa</i>       | uccidere        | ucciso   | <i>drepa</i>      |
| mettere        | messo   | <i>setja</i>      | vedere          | visto    | <i>sjá</i>        |
| muovere        | mosso   | <i>hreyfa</i>     | <u>venire</u>   | venuto   | <i>koma</i>       |
| <u>nascere</u> | nato    | <i>fæða</i>       | vincere         | vinto    | <i>sigra</i>      |
| offrire        | offerto | <i>bjóða</i>      | vivere          | vissuto  | <i>lifa</i>       |

Sem fyrr segir mynda flestar sagnir samsettar tíðir með hjálparsögninni *avere*, en færri með *essere*. Hér að ofan eru þær sagnir undirstikaðar sem nota hjálparsögnina *essere* í samsettum tíðum, en með *essere* beygist lýsingarhátturinn eftir kyni og tölu geranda sagnarinnar (sjá nánar á bls. 34).

### Lýsingarhættir nútíðar

Á íslensku hefur lýsingarháttur nútíðar endinguna *-andi* og stendur oftast sem lýsingarorð í setningum, *þetta er hressandi rigning*, en getur líka verið nafnorð: *Sendandi er óþekktur*. Á ensku endar lýsingarháttur nútíðar á *-ing* og stendur oft sem lýsingarorð, *the singing detective*, en er líka notaður til að lýsa verknaði sem er verið að framkvæma: *Watching the children, she smiled*. Síðarnefnda notkunin er óalgeng í íslensku, en ekki ómöguleg: *Syngjandi gekk hún um húsið*.

Í ítölsku eru **tveir** ólíkir fallhættir notaðir til að tjá það sem á íslensku og ensku er sagt með lýsingarhætti nútíðar, annars vegar *participio presente* sem myndar lýsingarorð eða nafnorð, og hins vegar svonefndur *gerundio* sem er notað til að segja frá yfirstandandi verknaði, oft með hjálparsögninni *stare*. Fyrirnefndi hátturinn er ekki mikið notaður (nema í lagamáli), en hinn síðarnefndi er mjög algengur í daglegu tali. Til einföldunar verða báðir þessir hættir hér eftir nefndir lýsingarháttur nútíðar, en gerð grein fyrir þeim sínum í hvoru lagi og byrjað á þeim algengari.

Lýsingarhátturinn **gerundio** er myndaður með endingunni *-ando* þegar nafnháttur sagnar endar á *-are*, en *-ere* og *-ire* sagnir mynda hann með *-endo*:

| Nafnháttur | Gerundio  |          |
|------------|-----------|----------|
| parl·are   | parl·ando | talandi  |
| vend·ere   | vend·endo | seljandi |
| part·ire   | part·endo | farandi  |
| fin·ire    | fin·endo  | ljúkandi |

Þessi háttur er afar reglulegur, því einungis sagnirnar *bere*, *dire* og *fare* mynda hann óreglulega: *bevendo*, *dicendo*, *facendo* (um óreglulega þátíð sömu sagna sjá bls. 30).

Sem fyrr segir er algengt í daglegu tali að nota sögnina *stare* með þessum lýsingarhætti til þess að segja frá verknaði í framkvæmd. Þetta er líka algengt á ensku, með hjálparsögninni *to be*. Hægt er að lýsa framkvæmdum í þátíð, nútíð og framtíð með því að setja hjálparsögnina í viðeigandi tíð:

|                         |                              |                            |
|-------------------------|------------------------------|----------------------------|
| Che cosa stai facendo?  | Hvað ertu að gera?           | What are you doing?        |
| Sto aspettando il treno | Ég er að bíða eftir lestinni | I am waiting for the train |
| Ieri stavamo leggendo   | Í gær vorum við að lesa      | Yesterday we were reading  |

Þessi háttur er líka notaður til að lýsa atburðum sem gerast samtímis í tveimur setningum:

|   |  |   |
|---|--|---|
| Leggendo il giornale,<br>ho visto il suo nome | Þegar ég las dagblaðið,<br>sá ég nafn hans     | Reading the newspaper,<br>I saw his name  |
| Non posso venire,<br>sto guardando la partita | Ég get ekki komið,<br>ég er að horfa á leikinn | I can not come,<br>I am watching the game |
| Stavo lavorando,<br>quando tu hai telefonato  | Ég var að vinna,<br>þegar þú hringdir          | I was working,<br>when you called         |

Þegar persónufornöfn eru notuð með þessum lýsingarhætti er þeim skeytt aftan við hann:

|                                      |                                  |
|--------------------------------------|----------------------------------|
| Vedendoli, ha sorriso                | Þegar hann sá þau þá brosti hann |
| Guardandolo hanno visto la cicatrice | Horfandi á hann sáu þau örið     |

Hinn réttnefndi lýsingarháttur nútíðar, **participio presente**, er myndaður með endingunni *-ante* þegar nafnháttur sagnar endar á *-are*, en *-ere* og *-ire* sagnir mynda hann með *-ente*:

| Nafnháttur | Lýsingarháttur nútíðar |                            |
|------------|------------------------|----------------------------|
| parl·are   | parl·ante              | talandi, ræðumaður         |
| ved·ere    | ved·ente               | sjáandi, sá sem hefur sjón |
| boll·ire   | boll·ente              | sjóðandi                   |

Þessi lýsingarháttur er ekki mikið notaður, en hann gegnir þá venjulega hlutverki lýsingarorðs:

|                   |                  |
|-------------------|------------------|
| Un cane parlante  | Talandi hundur   |
| Il leone dormente | Hið sofandi ljón |
| Acqua bollente    | Sjóðandi vatn    |

Ýmis nafnorð eru þó líka mynduð með lýsingarhætti nútíðar af sögn:

|            |            |                   |
|------------|------------|-------------------|
| Insegnante | Kennari    | Insegnare: kenna  |
| Dirigente  | Stjórnandi | Dirigere: stjórna |
| Studente   | Nemandi    | Studire: læra     |

## Afmörkuð þátíð og aðrar liðnar tíðir

### Núliðin tíð – afmörkuð þátíð

Sem fyrr segir er lýsingarháttur þátíðar notaður með hjálparsögnunum *avere* eða *essere* til að mynda samsettar tíðbeygingar. Mikilvægust þeirra er núliðin tíð sem í ítölsku er bæði notuð til að tjá það sem var nútíð á liðnum tíma (þ.e. núliðna tíð) og **afmarkaða þátíð**:

|                |                         |
|----------------|-------------------------|
| Ho parlato     | Ég talaði / hef talað   |
| Avete venduto  | Þið selduð / hafið selt |
| Abbiamo finito | Við lukum / höfum lokið |
| Lui è partito  | Hann fór / er farinn    |
| Lei è partita  | Hún fór / er farin      |
| Siamo partiti  | Við fórum / erum farnir |
| Siamo partite  | Við fórum / erum farnar |

Eins og sést af þessum dæmum eru það *avere* sem myndar samsetta tíð með *parlare*, *vendere* og *finire*, en *essere* er notuð sem hjálparsögn með *partire*. Þegar hjálparsögnin er *essere* þá **beygist** lýsingarhátturinn í kyni og tölu, eins og sýnt er í dæminu hér fyrir ofan<sup>11</sup>.

Flestar sagnir nota *avere* til að mynda samsettar tíðir. Það eru einkum sagnir sem tákna hreyfingu eða tilveru sem hafa hjálparsögnina *essere*. Nokkur dæmi um algengar sagnir sem nota *essere*:

|          |             |          |                  |
|----------|-------------|----------|------------------|
| andare   | fara        | partire  | yfirgefa         |
| arrivare | koma á stað | piacere  | þóknast, geðjast |
| entrare  | fara inn    | rimanere | vera kyrr        |
| esistere | vera til    | stare    | vera til staðar  |
| essere   | vera        | tornare  | snúa til baka    |
| morire   | deyja       | uscire   | fara út          |
| nascere  | fæðast      | venire   | koma             |

Ennfremur er *essere* ætíð hjálparsögn með afturbeygðum sögnum, með ópersónulega fornafninu *si* og yfirleitt með ópersónulegum sögnum (þar sem er enginn gerandi), eins og *ad rigna*:

|                          |                       |
|--------------------------|-----------------------|
| Ti sei divertito?        | Skemmtir þú þér?      |
| Si sono sposati nel 1994 | Þau giftust 1994      |
| È piovuto e nevicato.    | Það rigndi og snjóaði |
| Che cosa è successo?     | Hvað gerðist?         |

Að lokum er rétt að skoða nokkur dæmi sem draga fram muninn á ólokinni þátíð og afmarkaðri þátíð. Í íslensku er enginn greinarmunur gerður á þessu tvennu, þannig að tvenns konar þátíð kemur okkur dálítið einkennilega fyrir sjónir. Ólokin þátíð lýsir ástandi sem ekki var afmarkað í tíma, var sífellt endurtekið eða tengdist hugarástandi. Afmörkuð þátíð er notuð til að tala um aðgerðir sem áttu sér skýrt upphaf og endi, voru afmarkaðir í tíma. Stundum er sagt að ólokin þátíð lýsi **ástandi**, en afmörkuð þátíð lýsi **aðgerðum**. Nokkur sýnishorn:

|   |  |
|---|--|
| La sera era così bella che sono andato a piedi. | Kvöldið var svo fallett að ég fór fótgangandi. |
| Quando ero piccolo abitavamo in Italia.         | Þegar ég var lítil bjuggum við á Ítalíu.       |
| Siamo ritornati a casa da due giorni            | Við komum aftur heim fyrir tveimur dögum       |
| Da giovane andavo spesso in campagna            | Þegar ég var ungur fór ég oft í sveitina       |
| Da bambino sono andato in campagna tre volte    | Þegar ég var barn fór ég þrisvar í sveitina    |
| Era freddo quando io sono tornato a casa        | Það var kalt þegar ég fór heim                 |

<sup>11</sup> Þetta er svipað á íslensku. Lýsingarhátturinn breytist ekki þegar sagt er *hann hefur farið*, *þeir hafa farið* og *þær hafa farið* en beygist í kyni og tölu þegar sagt er *hann er farinn*, *þeir eru farnir* og *þær eru farnar*.



## Þáliðin tíð og þáframtíð

**Þáliðin tíð** er mynduð með hjálparsögn í þátíð, annað hvort *essere* eða *avere*, og lýsingarhætti þátíðar sem beygist eftir kyni og tölu ef hjálparsögnin er *essere*.

|           | Með <i>avere</i> |              | Með <i>essere</i>       |                     |
|-----------|------------------|--------------|-------------------------|---------------------|
| 1. p. et. | avevo parlato    | hafði talað  | ero partito/partita     | var farinn/farin    |
| 2. p. et. | avevi parlato    | hafðir talað | eri partito/partita     | varst farinn/farin  |
| 3. p. et. | aveva parlato    | hafði talað  | era partito/partita     | var farinn/farin    |
| 1. p. ft. | avevamo parlato  | höfðum talað | eravamo partiti/partite | vorum farnir/farnar |
| 2. p. ft. | avevate parlato  | höfðuð talað | eravate partiti/partite | voruð farnir/farnar |
| 3. p. ft. | avevano parlato  | höfðu talað  | erano partiti/partite   | voru farnir/farnar  |

Þáliðin tíð er líkt og í íslensku oftast notuð til að lýsa liðnum atburði sem átti sér stað **á undan** öðrum liðnum atburði:

|   |   |
|---|---|
| Era partita nervosa, ma è tornata serena            | Hún hafði farið óróleg, en kom aftur róleg      |
| Avevamo già prenotato i posti quando siete arrivati | Við vorum búin að panta sætin þegar þið komuð   |
| Era stanca perché aveva lavorato tutto il giorno    | Hún var þreytt því hún hafði unnið allan daginn |

**Þáframtíð** er mynduð með hjálparsögn í framtíð, annað hvort *essere* eða *avere*, og lýsingarhætti þátíðar sem beygist eftir kyni og tölu ef hjálparsögnin er *essere*.

|           | Með <i>avere</i> |                  | Með <i>essere</i>       |                          |
|-----------|------------------|------------------|-------------------------|--------------------------|
| 1. p. et. | avrò parlato     | mun hafa talað   | sarò partito/partita    | mun vera farinn/farin    |
| 2. p. et. | avrà parlato     | munt hafa talað  | sarai partito/partita   | munt vera farinn/farin   |
| 3. p. et. | avrà parlato     | mun hafa talað   | sarà partito/partita    | mun vera farinn/farin    |
| 1. p. ft. | avremo parlato   | munum hafa talað | saremo partiti/partite  | munum vera farnir/farnar |
| 2. p. ft. | avrete parlato   | munuð hafa talað | sarete partiti/partite  | munuð vera farnir/farnar |
| 3. p. ft. | avranno parlato  | munu hafa talað  | saranno partiti/partite | munu vera farnir/farnar  |

Rétt eins og á íslensku er þáframtíð notuð til að tala um atburði sem eiga að hafa átt sér stað. Í ítölsku er hún líka notuð til að greina á milli tímasetningar tveggja atburða sem eiga að verða í framtíðinni, um fyrri atburðinn er notuð þáframtíð en um seinni atburðinn er notuð framtíð. Á íslensku er hægt að nota framtíð og nútíð til að gera þennan greinarmun á röð atburða í framtíðinni:

|                                   |   |
|-----------------------------------|---|
| Sto male, avrò mangiato troppo    | Mér líður illa, ég mun hafa étið of mikið |
| Avrà visto tutto ormai            | Hann mun hafa séð allt núna               |
| Sarete partiti quando arriveremo  | Þið verðið farin þegar við komum          |
| Ti telefonerò appena sarò tornato | Ég mun hringja í þig strax og ég kem      |

## Skildagatíð og viðtengingarháttur

Skildagatíð og viðtengingarháttur eru skyldar beygingar og merkingin sem þessar sagnbeygingar flytja eru líka svipuð, verið er að tjá óvissa hluti, óskir og huglæga afstöðu. Skildagatíð er mikið notuð í mæltu máli, en viðtengingarháttur er dálítið á undanhaldi í ítölsku eins og í fleiri tungumálum.

### Skildagatíð

Skildagatíð reglulegra sagna líkist beygingu þeirra í framtíð að því leyti að *-are* og *-ere* hafa endingu sem hefst á *-er-* en beygingarending *-ire* sagna hefst á *-ir-*. Skildagatíð beygist svona:

|              | <b>parl-are</b> | <b>vend-ere</b> | <b>part-ire</b> |
|--------------|-----------------|-----------------|-----------------|
| 1. pers. et. | parl-er-ei      | vend-er-ei      | part-ir-ei      |
| 2. pers. et. | parl-er-esti    | vend-er-esti    | part-ir-esti    |
| 3. pers. et. | parl-er-ebbe    | vend-er-ebbe    | part-ir-ebbe    |
| 1. pers. ft. | parl-er-emmo    | vend-er-emmo    | part-ir-emmo    |
| 2. pers. ft. | parl-er-este    | vend-er-este    | part-ir-este    |
| 3. pers. ft. | parl-er-ebbero  | vend-er-ebbero  | part-ir-ebbero  |

Skildagatíð er notuð til að segja hvað maður mundi gera ef skilyrði væru til þess:

Lui verrebbe ma non può                      Hann mundi koma en getur það ekki  
Lavorerei domani, ma devo andare via      Ég mundi vinna á morgun, en ég þarf að fara burt

Líka er venja að nota skildagatíð til að bera fram óskir og til að vera kurteis í tali:

Vorrei una birra      Ég mundi vilja bjór      I would like a beer  
Sarebbe bello      Það mundi vera fallegt      It would be nice

Á ítölsku er skildagatíð einnig notuð til að leggja áherslu á að upplýsingar séu óstaðfestar eða að sú skoðun sem verið er að tjá sé einhverjum vafa undirorpin. Þessi notkun er svo rótgróin í ítalskri fréttamennsku að stundum finnst manni allar fréttir vera í skildagatíð!

La vittima sarebbe morta prima delle sette      Talið er að fórnarlambið hafi dáðið fyrir klukkan sjö  
Secondo la televisione, il gioco sarebbe finito      Leiknum mun vera lokið, samkvæmt sjónvarpinu  
Il libro dovrebbe essere bello, secondo lui      Bókin á að vera góð, að sögn hans

### Viðtengingarháttur nútíðar og þátíðar

Viðtengingarháttur er ólíkur skildagatíð að því leyti að sögn í viðtengingarhætti stendur nær alltaf í aukasetningu og sögnin í aðalsetningunni ræður tíðinni. Aukasetningin er tengd við aðalsetninguna með tilvísunarorðinu *che* (sjá bls. 34) og af tengingu setninganna er dregið heitið viðtengingarháttur. Þetta er eins í íslensku: *Ég held að það sé rétt. Ég hélt að það væri rétt.*

**Viðtengingarháttur nútíðar** hefur sama orðstofn og fyrsta persóna eintölu í framsöguhátti nútíðar. Beygingarendingar *-ere* og *-ire* sagna eru eins, en *-are* sagnir eru öðruvísi í eintölu og 3. pers. fleirtölu:

|              | <b>-are</b> | <b>-ere</b> | <b>-ire</b> | <b>-ire</b> |
|--------------|-------------|-------------|-------------|-------------|
| 1. pers. et. | parl-i      | vend-a      | part-a      | capisc-a    |
| 2. pers. et. | parl-i      | vend-a      | part-a      | capisc-a    |
| 3. pers. et. | parl-i      | vend-a      | part-a      | capisc-a    |
| 1. pers. ft. | parl-iamo   | vend-iamo   | part-iamo   | cap-iamo    |
| 2. pers. ft. | parl-iate   | vend-iate   | part-iate   | cap-iate    |
| 3. pers. ft. | parl-ino    | vend-ano    | part-ano    | capisc-ano  |

Það er flókið mál að gefa tæmandi reglur um notkun viðtengingarháttar og verður ekki reynt hér, en fyrsta reglan er sú að viðtengingarháttur nútíðar er notaður þegar sögnin í aðalsetningunni (á undan *che*) er í nútíð. Vegna þess að sagnir í viðtengingarhætti eru eins fyrir allar persónur eintölu er algengt að láta persónufornafn fylgja sögninni til þess að taka af allan vafa um til hvers er verið að vísa:

É possibile che venga Giovanni  
Spero che lui torni domani

Það er hugsanlegt að Jóhann komi  
Ég vona að hann komi á morgun

Viðtengingarháttur nútíðar í óreglulegum sögnum er líka oftast myndaður út frá beygingarmynd sagnarinnar í fyrstu persónu eintölu í nútíð framsöguháttar. Nokkur dæmi:

| Nafnháttur | Framsöguháttur   | Viðtengingarháttur |           |
|------------|------------------|--------------------|-----------|
|            | 1. pers. eintala | 1. p. et.          | 1. p. ft. |
| andare     | vado             | vada               | andiamo   |
| bere       | bevo             | beva               | beviamo   |
| capire     | capisco          | capisca            | capiamo   |
| dire       | dico             | dica               | diciamo   |
| fare       | faccio           | faccia             | facciamo  |
| potere     | posso            | possa              | possiamo  |
| venire     | vengo            | venga              | veniamo   |
| volere     | voglio           | voglia             | vogliamo  |

Viðtengingarháttur þátíðar er myndaður með viðskeyti aftan við orðstofn nafnháttar:

|              | -are                | -ere                | -ire                |
|--------------|---------------------|---------------------|---------------------|
| 1. pers. et. | parl- <b>assi</b>   | vend- <b>essi</b>   | part- <b>issi</b>   |
| 2. pers. et. | parl- <b>assi</b>   | vend- <b>essi</b>   | part- <b>issi</b>   |
| 3. pers. et. | parl- <b>asse</b>   | vend- <b>esse</b>   | part- <b>isse</b>   |
| 1. pers. ft. | parl- <b>assimo</b> | vend- <b>essimo</b> | part- <b>issimo</b> |
| 2. pers. ft. | parl- <b>aste</b>   | vend- <b>este</b>   | part- <b>iste</b>   |
| 3. pers. ft. | parl- <b>assero</b> | vend- <b>essero</b> | part- <b>issero</b> |

Viðtengingarháttur þátíðar er notaður þegar sögnin í aðalsetningunni (á undan *che*) er í þátíð eða skildagatíð. Þegar vafi getur leikið á því til hvaða persónu sögnin vísar er fornafnið oft látið fylgja:

Temevano che tu fossi in ritardo  
Vorrei che foste qui

Þeir óttuðust að þú værir seinn  
Ég vildi að þið væruð hér

## Sagnirnar avere og essere

Liðnar tíðir í viðtengingarhætti eru myndaðar með hjálparsögnunum *avere* eða *essere* í viðtengingarhætti ásamt aðalsögninni í lýsingarhætti þátíðar. Sem fyrr segir nota flestar sagnir *avere* sem hjálpar-sögn, en *essere* nota einkum þær sagnir sem lýsa einhvers konar hreyfingu (sjá bls. 32).

Báðar hjálparsagnirnar beygjast nánast eins og reglulegar sagnir, að öðru leyti en því að orðstofninn er breytilegur milli tíða, sem er óvenjulegt ítölskum sögnum. Orðstofn *avere* er *av-* í þátíð og skildagatíð en *abbi-* í nútíð. Í skildagatíð er eins og í framtíð ekki sagt *averei* heldur er það stýtt í *avrei*, o.sv.frv. Sömu leiðis er auðvitað ekki sagt *abbi-iamo* heldur *abbiamo*.

|              | Nútíð vth.       | Þátíð vth.        | Skildagatíð         |
|--------------|------------------|-------------------|---------------------|
| 1. pers. et. | abbi- <b>a</b>   | av- <b>essi</b>   | av- <b>r-ei</b>     |
| 2. pers. et. | abbi- <b>a</b>   | av- <b>essi</b>   | av- <b>r-esti</b>   |
| 3. pers. et. | abbi- <b>a</b>   | av- <b>esse</b>   | av- <b>r-ebbe</b>   |
| 1. pers. ft. | abbi- <b>amo</b> | av- <b>essimo</b> | av- <b>r-emmo</b>   |
| 2. pers. ft. | abbi- <b>ate</b> | av- <b>este</b>   | av- <b>r-este</b>   |
| 3. pers. ft. | abbi- <b>ano</b> | av- <b>essero</b> | av- <b>r-ebbero</b> |

Orðstofn *essere* er í skildagatíð sá sami og í framtíð, *sar-*. Í nútíð er hann *si-* en að sjálfsögðu er þó ekki sagt *si-iamo* heldur *siamo*, o.sv.frv. Í þátíð er orðstofninn *fo-*.

|              | Nútíð vth. | Þátíð vth. | Skildagatíð |
|--------------|------------|------------|-------------|
| 1. pers. et. | si·a       | fossi      | sa·r·ei     |
| 2. pers. et. | si·a       | fossi      | sa·r·esti   |
| 3. pers. et. | si·a       | fosse      | sa·r·ebbe   |
| 1. pers. ft. | si·amo     | fossimo    | sa·r·emmo   |
| 2. pers. ft. | si·ate     | foste      | sa·r·este   |
| 3. pers. ft. | si·ano     | fossero    | sa·r·ebbero |

## Samsettar tíðir

Þáskildagatíð er mynduð með hjálparsögn í skildagatíð ásamt lýsingarhætti þátíðar af aðalsögninni (hér er aftasta dálknum, *mundi vera kominn/kominn*, o.sv.frv., sleppt vegna plássleysis):

|              | Með <i>avere</i>   |                   | Með <i>essere</i>    |
|--------------|--------------------|-------------------|----------------------|
| 1. pers. et. | avrei lavorato     | mundi hafa unnið  | sarei arrivato/a     |
| 2. pers. et. | avresti lavorato   | mundir hafa unnið | saresti arrivato/a   |
| 3. pers. et. | avrebbe lavorato   | mundi hafa unnið  | sarebbe arrivato/a   |
| 1. pers. ft. | avremmo lavorato   | mundum hafa unnið | saremmo arrivati/e   |
| 2. pers. ft. | avreste lavorato   | munduð hafa unnið | sarete arrivati/e    |
| 3. pers. ft. | avrebbero lavorato | mundu hafa unnið  | sarebbero arrivati/e |

Þáskildagatíð segir frá því hvað hefði gerst ef eitthvað annað hefði ekki hindrað það:

Sarebbero venuti, ma non avevano tempo      Þeir mundu hafa komið, en höfðu ekki tíma

Núliðin tíð í viðtengingarhætti er mynduð með hjálparsögn í viðtengingarhætti nútíðar, ásamt lýsingarhætti þátíðar af aðalsögninni:

|              | Með <i>avere</i> |             | Með <i>essere</i> |                    |
|--------------|------------------|-------------|-------------------|--------------------|
| 1. pers. et. | abbia lavorato   | hafi unnið  | sia arrivato/a    | sé kominn/komin    |
| 2. pers. et. | abbia lavorato   | hafir unnið | sia arrivato/a    | sért kominn/komin  |
| 3. pers. et. | abbia lavorato   | hafi unnið  | sia arrivato/a    | sé kominn/komin    |
| 1. pers. ft. | abbiamo lavorato | höfum unnið | siamo arrivati/e  | séum komnir/komnar |
| 2. pers. ft. | abbiate lavorato | hafið unnið | siate arrivati/e  | séuð komnir/komnar |
| 3. pers. ft. | abbiano lavorato | hafi unnið  | siano arrivati/e  | séu komnir/komnar  |

Þáliðin tíð í viðtengingarhætti er mynduð með hjálparsögn í viðtengingarhætti þátíðar, ásamt lýsingarhætti þátíðar af aðalsögninni:

|              | Með <i>avere</i>  |              | Með <i>essere</i>  |                     |
|--------------|-------------------|--------------|--------------------|---------------------|
| 1. pers. et. | avessi lavorato   | hefði unnið  | fossi arrivato/a   | væri kominn/komin   |
| 2. pers. et. | avessi lavorato   | hefðir unnið | fossi arrivato/a   | værir kominn/komin  |
| 3. pers. et. | avesse lavorato   | hefði unnið  | fosse arrivato/a   | væri kominn/komin   |
| 1. pers. ft. | avessimo lavorato | hefðum unnið | fossimo arrivati/e | værum komnir/komnar |
| 2. pers. ft. | aveste lavorato   | hefðuð unnið | foste arrivati/e   | væruð komnir/komnar |
| 3. pers. ft. | avessero lavorato | hefðu unnið  | fossero arrivati/e | væru komnir/komnar  |

Um liðnar tíðir í viðtengingarhætti gildir það sama og um nútíð og þátíð viðtengingarháttar, það er tíð sagnarinnar í aðalsetningunni (á undan *che*) sem ræður því hvort hin liðna tíð er núliðin eða þáliðin:

Spero che siano venuti      Ég vona að þeir hafi komið  
Pensavano che tu fossi partito      Þeir héldu að þú hefðir farið

## Boðháttur og nafnháttur

**Boðháttur** er notaður til að gefa fyrirmæli og skipanir: *Tak sæng þína og gakk!* Eðli málsins samkvæmt er hann eingöngu til í nútíð og ekki til í fyrstu persónu eintölu, bara í annarri og þriðju persónu (notað fyrir *tu* og *Lei*). Í fleirtölu er nútíð framsöguháttar notað sem boðháttur í fyrstu og annarri persónu. Þetta er eins á íslensku: *far þú* og *fari hann* í eintölu, *förum* og *farið þið* í fleirtölu. Til er boðháttur fyrir þriðju persónu fleirtölu, en hann er sjaldan notaður.

Boðháttur eintölu í reglulegum sögnum er sérkennilegur að því leyti að *-ere* og *-ire* sagnir beygjast eins og *-are* sagnir í nútíð, *tu vendi*, *Lei venda*, en röð endinganna snýst við í *-are* sögnunum, *tu venda*, *Lei vendi*. Boðháttur óreglulegra sagna er oftast óreglulegur.

|              | parl-are  | vend-ere  | part-ire  | fin-ire     |
|--------------|-----------|-----------|-----------|-------------|
| 2. pers. et. | parl-a    | vend-i    | part-i    | fin-isc-i   |
| 3. pers. et. | parl-i    | vend-a    | part-a    | fin-isc-a   |
| 1. pers. ft. | parl-iamo | vend-iamo | part-iamo | fin-iamo    |
| 2. pers. ft. | parl-ate  | vend-ete  | part-ite  | fin-ite     |
| 3. pers. ft. | parl-ino  | vend-ano  | part-ano  | fin-isc-ano |

Scusa! Scusi!  
Dica!  
Vada avanti dritto!

Afsakaðu! Afsakið þér!  
Talið þér! (algengt ávarp afgreiðslufólks)  
Haldið beint áfram! (þérun)

**Nafnháttur** sagna er sá háttur sem gefinn er upp í orðabókum; hann má eiginlega kalla hinn opinbera hátt sagnarinnar! Staða og hlutverk nafnháttar í setningum er oft svipuð og gerist í íslensku, hann stendur til að mynda með forsetningum og kemur í stað nafnorðs með sögnum:

Siamo pronti per partire  
Dormire poco non fa bene

Við erum reiðubúin til að fara  
Að sofa lítið er ekki hollt

En nafnháttur er líka notaður til að gefa fyrirmæli og skipanir, þar sem á íslensku væri ýmist notaður boðháttur eða nafnháttur:

Tirare. Spingere.  
Girare a destra! Tenere la sinistra!

Toga. Ýta. (Þetta stendur t.d. á hurðum)  
Beygja til hægri! Haldið ykkur til vinstri!

Þegar skipanirnar eru neitandi stendur nafnhátturinn með lýsingarhætti þátíðar. Það hljómar flókið, en er reyndar alveg eins á íslensku:

Vietato fumare  
Vietato girare a destra  
Vietato entrare

Bannað að reykja  
Bannað að beygja til hægri  
Aðgangur bannaður

## Sérstakar sagnir

### Háttarsagnir

Háttarsagnir standa ævinlega með öðrum sögnum og auka við merkingu þeirra. Aðalsögnin er þá í nafnhætti, en háttarsögnin beygist. Í ítölsku eru þrjár óreglulegar sagnir jafnan taldar í þessum flokki: *dovere, potere og volere* – *þurfa/eiga, geta/mega og vilja* (beyging þeirra er sýnd á bls. 49, 50 og 53).

|                     |                       |
|---------------------|-----------------------|
| Possiamo pagare?    | Megum við borga?      |
| Ho dovuto pagare    | Ég þurfti að borga    |
| Non vogliono pagare | Þeir vilja ekki borga |

Einar og sér beygjast þessar háttarsagnir í samsettum tíðum með *avere*, en þegar þær standa með annarri sögn beygjast þær ýmist með *avere* eða *essere* – það er aðalsögnin sem ræður beygingunni:

|   |   |
|---|---|
| Ho dovuto lavorare. Sono dovuto partire.          | Ég þurfti að vinna. Ég þurfti að fara.    |
| Lei ha voluto dormire, non e voluta andare a casa | Hún vildi sofa, hún vildi ekki fara heim. |
| Hanno potuto scrivere ma non sono potuti venire   | Þeir/þau gátu skrifað en gátu ekki komið  |

Fleiri sagnir geta staðið á svipaðan hátt með aðalsögn í nafnhætti, en aðalsögnin dregur þá ekki *essere* inn í samsetta tíðbeygingu þeirra. Þarna má nefna óreglulegu sögnina *sapere* (að vita), og sagnir á borð við *conoscere* (að þekkja), *sentire* (að skynja) og *vedere* (að sjá). Háttarsagnirnar þrjár og *sapere* eiga það líka sameiginlegt að merking þeirra er breytileg eftir samhenginu í setningunni:

|                              |                                |
|------------------------------|--------------------------------|
| Devo cambiare vestiti        | Ég þarf að skipta um föt       |
| Ti devo quaranta euro        | Ég skulda þér fjörtíu evrur    |
| Devono arrivare all'una      | Þeir eiga að koma klukkan eitt |
| È dovuto partire             | Hann varð að fara              |
| Posso uscire?                | Má ég fara út?                 |
| Posso aiutare?               | Get ég hjálpað?                |
| Posso prendere?              | Má taka (þetta)?               |
| So cantare                   | Ég kann að syngja              |
| L'ho saputo ieri             | Ég vissi það í gær             |
| Non saprei trovarlo          | Ég mundi ekki geta fundið það  |
| Che cosa vuoi? Voglio uscire | Hvað viltu? Ég vil fara út     |
| Ho voluto farlo              | Ég ákvað að gera það           |
| Vorrei un bicchiere di acqua | Ég mundi þiggja glas af vatni  |

### Ópersónulegar sagnir

Ýmsar sagnir eru notaðar án þess að neinn gerandi sé í setningunni, til dæmis sagnir sem lýsa veðri. Þessar ópersónulegu sagnir eru alltaf í þriðju persónu í setningunni. Á íslensku hefjast setningar með ópersónulegum sögnum oft á orðinu *það*:

|                       |                         |
|-----------------------|-------------------------|
| Piove e nevica        | Það rignir og snjóar    |
| Stava nevicando       | Það var að snjóa        |
| Bisogna mangiare bene | Maður þarf að borða vel |

Í samsettum tíðum beygjast ópersónulegar sagnir venjulega með hjálparsögninni *essere*, en sagnir um veðrið geta þó beygst með *avere*:

|                      |                        |
|----------------------|------------------------|
| È successo ieri sera | Það gerðist í gærkvöld |
| È piovuto/Ha piovuto | Það snjóaði            |

Loks er rétt að rifja upp að ópersónulegar setningar, án sérstaks geranda, er líka hægt að mynda með ópersónulega fornafninu *si* (sjá bls. 15):

|  |   |
|--|---|
| Come si dice Halló in italiano? Si dice Ciao | Hvernig er sagt Halló á ítölsku? Maður segir Ciao |
|--|---|

## Afturbeygðar sagnir

Sumar sagnir geta lýst atburðum þar sem gerandinn er sjálfur þolandi og er þá sagt að sögnin sé afturbeygð. Dæmi um það er *vestire, klæða*, sem afturbeygð er *vestir-si, klæða-st*. Í nafnhætti er aftasta stafnum *-e* sleppt og *-si* skeytt við í staðinn og þannig eru afturbeygðar sagnir gefnar upp í orðabókum. Viðskeytið *si* er svonefnt afturbeygt fornafn (sjá bls. 13) og í persónuháttum er það ekki viðskeyti heldur beygist með persónu og tölu sagnarinnar. Svona beygist *vestirsi* í nútíð framsöguháttar:

|          |                 |             |                    |
|----------|-----------------|-------------|--------------------|
| mi vesto | ég klæði mig    | ci vestiamo | við klæðum okkur   |
| ti vesti | þú klæðir þig   | vi vestite  | þið klæðið ykkur   |
| si veste | hann klæðir sig | si vestono  | þeir/þær klæða sig |

Allar afturbeygðar sagnir mynda samsettar tíðir með *essere* (en aldrei með *avere*) og lýsingarháttur þátíðar þeirra beygist því með kyni og tölu sagnarinnar, eins og tíðkast í öllum samsettum sagnbeygingum með *essere* (sjá bls. 34)

|   |                                     |
|---|-------------------------------------|
| Mi rado mentre ti lavi                  | Ég raka mig meðan þú þværð þér      |
| Giuseppe si è raso e Maria si è lavata  | Jósep rakaði sig og María þvoði sér |
| Le ragazze si sono sedute alla finestra | Stelpurnar sátu við gluggann        |
| Non ci siamo potuti sposare             | Þau þurftu ekki að giftast          |

## Sagnirnar *stare* og *essere*

Sögnin *stare* er um margt lík sögninni *essere*, báðar eru þær þýðing á sögninni *ad vera* og ennfremur er lýsingarháttur þátíðar eins fyrir þær báðar, *stato*. En ákveðinn munur er á merkingu sagnanna og málvenju um notkun þeirra. Sögnin *essere* er hin beina þýðing á sögninni *ad vera* og ásamt *avere* myndar hún samsettar tíðir sagna. Sögnin *stare* er hins vegar notuð á eftirfarandi hátt:

- Með lýsingarhættinum *gerundio* til þess að lýsa verknaði sem er verið að framkvæma:  
Sto aspettando il treno. Sta piovendo      Ég er að bíða eftir lestinni. Það rignir
- Með *per* + nafnhætti til að lýsa verknaði sem er um það bil að komast í framkvæmd:  
Sto per uscire. Ti stavo per telefonare      Ég er að fara út. Ég var að fara að hringja í þig
- Til að vísa til staðsetningar:  
Stanno in cima al colle      Þeir eru á toppnum á hæðinni  
La sedia sta in cucina      Stóllinn er í eldhúsinu
- Til að vísa til bústaðar (eins og enska sögnin *to stay*):  
Anna sta con lei      Anna býr hjá henni  
Stiamo all'albergo      Við búum á hótelinu
- Til að tala um heilsu og líðan, samkvæmt málvenju oft sem hluta af ávarpi:  
Come stai? Sto bene      Hvað segirðu? Allt fínt  
Come sta tuo fratello? Sta meglio, grazie      Hvernig hefur bróðir þinn það? Takk, hann er betri

Með atviksorðunum *bene* og *male, vel* og *illa*, hafa sagnir *essere* og *stare* ólíka merkingu, annars vegar hvernig mál standa og hins vegar hvernig manni líður. Þegar andlag fornafna fylgir *stare* er síðan vísað til þess hvernig eitthvað fer manni:

|                          |                                 |
|--------------------------|---------------------------------|
| Non c'è male             | Það er ekki slæmt               |
| Stai male? Sto meglio    | Líður þér illa? Mér líður betur |
| Questa gonna ti sta bene | Þessi kjóll fer þér vel         |

## Sögnin *fare*

Sögnin *fare* þýðir að gera eða framkvæma. Notkun hennar er samsvarandi ensku sögnunum *do* og *make*, en samsvarandi sögn eða sagnir er ekki að finna í íslensku. Málvenja ræður hvenær og hvernig

*fare* er notuð með öðrum orðum, eins og dæmin hér fyrir neðan sýna, en hún er jafnan notuð til að tala um veðrið:

|   |  |
|---|--|
| Che tempo fa? Fa caldo. Fa bel tempo      | Hvernig er veðrið? Það er heitt. Það er gott veður |
| Fare una domanda. Fare attenzione         | Spyrja spurningar. Veita athygli                   |
| Fare una passeggiata. Fare una fotografia | Fara í gönguferð. Taka ljósmynd                    |
| Fare un viaggio. Fare le valige           | Fara í ferð. Pakka í ferðatöskur                   |
| Fare un regalo. Fare una festa            | Gefa gjöf. Halda veislu                            |
| Fare una doccia. Fare colazione           | Fara í sturtu. Fá sér morgunmat                    |
| Fare bella figura. Farsi i capelli        | Líta vel út. Greiða sér                            |

## Sögnin *sentire*

Sögnin *sentire*, að *skynja*, er regluleg sögn og því má segja að óþarfi sé að fjalla sérstaklega um hana í riti um málfræði, en sérstaða hennar er sú fjölbreytta merking sem hún flytur. Nánar tiltekið getur hún lýst tilfinningalegu ástandi, eins og enska sögnin *to feel*, en auk þess sem hún er notuð til að lýsa því sem öll skynfæri nema sjónin verða vör við; nefnilega heyrn, bragði, lykt og snertingu.

|   |   |
|---|---|
| Ci sentiamo come a casa nostra                          | Okkur líður eins og heima hjá okkur             |
| Come ti senti? Mi sento bene ( sögnin <i>sentirsi</i> ) | Hvernig líður þér? Mér líður vel                |
| Hai sentito quel rumore?                                | Heyrðirðu þetta hljóð?                          |
| Senti il vino in questo sugo? Lo sento                  | Finnurðu bragð af víninu í sósunni? Ég finn það |
| Sentite un odore? Sentiamo un buon profumo              | Finnið þið lykt? Við finnum góðan ilm           |
| Sento il polso  | Ég finn púlsinn                                 |
| Senti! Scusa. Senta! Scusi.                             | Heyrðu! Afsakaðu. Heyrið þér! Afsakið.          |

Önnur sértækari orð eru til sem lýsa heyrn, bragði og lykt. Sögnin *ascoltare* þýðir að hlusta en *udire* að heyra, *gustare* að smakka og *odore* að finna lykt. Í daglegu tali er þó algengast að nota *sentire* í stað þessara sagna.



## Reglulegar sagnir

Reglulegar sagnir skiptast í þrjá flokka eftir endingu í nafnhætti: *-are*, *-ere* og *-ire* sagnir. Síðast nefndi flokkurinn skiptist síðan í tvennt, því sumar *-ire* sagnir skjóta inn *-isc-* á undan beygingarendingunni í nútíð eintölu og í 3. persónu fleirtölu. Hver af þessum fjórum flokkum beygist með sínu sérstaka lagi.

Beyging nútíðar er ólík milli beygingaflokkanna fjögurra. Aðrar tíðir hafa sömu beygingarendingu, en skjóta inn *a-*, *e-* eða *i-* hljóði á undan henni. Í yfirlitinu hér fyrir neðan er þetta svona:

- Í þátíð eru sömu endingar í öllum flokkum á eftir innskotunum *av*, *ev* og *iv*.
- Í framtíð og skildagatíð eru sömu endingar í öllum flokkum á eftir innskotunum *er* og *ir*.

Á næstu tveimur blaðsíðum eru sýndar allar ósamsettar beygingar fjögurra sagna, *parlare*, *vendere*, *dormire* og *capire*, sem eru fulltrúar hinna fjögurra beygingarflokka. Ekki þarf að sýna samsettar beygingar því þar er það einungis hjálparsögnin (*avere* eða *essere*) sem beygist, en aðalsögnin stendur í lýsingarhætti þátíðar.

Loks er rétt að nefna tvenns konar breytingar á stafsetningu *-are* sagna í framtíð og skildagatíð:

- Sagnir sem enda á *-ciare* og *-giare* fella burt *i*: *cominc-erò*, *mang-erò*
- Sagnir sem enda á *-care* og *-gare* skjóta inn *h*: *gioch-erò*, *pagh-erò*

## Yfirlit um endingar reglulegra sagna í framsöguhætti og skildagatíð

|          | Nútíð | Þátíð   | Framtíð  | Skildagatíð |            |
|----------|-------|---------|----------|-------------|------------|
| -are     | -o    | -av·o   | -er·ò    | -er·ei      |            |
|          | -i    | -av·i   |          | -er·ai      | -er·esti   |
|          | -a    | -av·a   |          | -er·à       | -er·ebbe   |
|          | -iamo | -av·amo |          | -er·emo     | -er·emmo   |
|          | -ate  | -av·ate |          | -er·ete     | -er·este   |
|          | -ano  | -av·ano |          | -er·anno    | -er·ebbero |
|          | -ere  | -o      |          | -ev·o       |            |
| -i       |       | -ev·i   |          |             |            |
| -e       |       | -ev·a   |          |             |            |
| -iamo    |       | -ev·amo |          |             |            |
| -ete     |       | -ev·ate |          |             |            |
| -ono     |       | -ev·ano |          |             |            |
| -ire     |       | -o      | -iv·o    | -ir·ò       |            |
|          | -i    | -iv·i   | -ir·ai   |             | -ir·esti   |
|          | -e    | -iv·a   | -ir·à    |             | -ir·ebbe   |
|          | -iamo | -iv·amo | -ir·emo  |             | -ir·emmo   |
|          | -ite  | -iv·ate | -ir·ete  |             | -ir·este   |
|          | -ono  | -iv·ano | -ir·anno |             | -ir·ebbero |
|          | -ire  | -isc·o  |          |             |            |
| -isc·i   |       |         |          |             |            |
| -isc·e   |       |         |          |             |            |
| -iamo    |       |         |          |             |            |
| -ite     |       |         |          |             |            |
| -isc·ono |       |         |          |             |            |

## Beygingar reglulegra sagna í ósamsettum tíðum

### **parl·are** – að tala

| Framsöguháttur |            |             |            |
|----------------|------------|-------------|------------|
| Nú tíð         | Þá tíð     | Fram tíð    | Sögu tíð   |
| parl·o         | parl·avo   | parl·erò    | parl·ai    |
| parl·i         | parl·avi   | parl·erai   | parl·asti  |
| parl·a         | parl·ava   | parl·erà    | parl·ò     |
| parl·iamo      | parl·avamo | parl·eremo  | parl·ammo  |
| parl·ate       | parl·avate | parl·erete  | parl·aste  |
| parl·ano       | parl·avano | parl·eranno | parl·arono |

  

| Viðtengingaráttur | Boðháttur |
|-------------------|-----------|
| Nú tíð            | Nú tíð    |
| parl·i            | –         |
| parl·i            | parl·a    |
| parl·i            | parl·i    |
| parl·iamo         | parl·iamo |
| parl·iate         | parl·ate  |
| parl·ino          | parl·ino  |

  

| Lýsingarháttir         |                         |
|------------------------|-------------------------|
| Lh. þá tíðar: parl·ato | Lh. nú tíðar: parl·ante |
|                        | Gerundio: parl·ando     |

### **vend·ere** – að selja

| Framsöguháttur |            |             |                         |
|----------------|------------|-------------|-------------------------|
| Nú tíð         | Þá tíð     | Fram tíð    | Sögu tíð                |
| vend·o         | vend·evo   | vend·erò    | vend·ei/ vend·etti      |
| vend·i         | vend·evi   | vend·erai   | vend·esti               |
| vend·e         | vend·eva   | vend·erà    | vend·è/ vend·ette       |
| vend·iamo      | vend·evamo | vend·eremo  | vend·emmo               |
| vend·ete       | vend·evate | vend·erete  | vend·este               |
| vend·ono       | vend·evano | vend·eranno | vend·erono/ vend·ettero |

  

| Viðtengingaráttur | Boðháttur |
|-------------------|-----------|
| Nú tíð            | Nú tíð    |
| vend·a            | –         |
| vend·a            | vend·i    |
| vend·a            | vend·a    |
| vend·iamo         | vend·iamo |
| vend·iate         | vend·ete  |
| vend·ano          | vend·ano  |

  

| Lýsingarháttir         |                         |
|------------------------|-------------------------|
| Lh. þá tíðar: vend·uto | Lh. nú tíðar: vend·ente |
|                        | Gerundio: vend·endo     |

## **dormire** – að sofa

### Framsöguháttur

| Nútið     | Þátið      | Framtíð     | Sögotíð    |
|-----------|------------|-------------|------------|
| dorm-o    | dorm-ivo   | dorm-irò    | dorm-ii    |
| dorm-i    | dorm-ivi   | dorm-irai   | dorm-isti  |
| dorm-e    | dorm-iva   | dorm-irà    | dorm-ì     |
| dorm-iamo | dorm-ivamo | dorm-iremo  | dorm-immo  |
| dorm-ite  | dorm-ivate | dorm-irete  | dorm-iste  |
| dorm-ono  | dorm-ivano | dorm-iranno | dorm-irono |

### Viðtengingarháttur

| Nútið     | Þátið       | Skildagatíð   | Boðháttur |
|-----------|-------------|---------------|-----------|
| dorm-a    | dorm-issi   | dorm-irei     | –         |
| dorm-a    | dorm-issi   | dorm-iresti   | dorm-i    |
| dorm-a    | dorm-isse   | dorm-irebbe   | dorm-a    |
| dorm-iamo | dorm-issimo | dorm-iremmo   | dorm-iamo |
| dorm-iate | dorm-iste   | dorm-ireste   | dorm-ite  |
| dorm-ano  | dorm-issero | dorm-irebbero | dorm-ano  |

### Boðháttur

### Lýsingarhættir

Lh. þátiðar: dorm-ito

Lh. nútiðar: dorm-ente

Gerundio: dorm-endo

## **capire** – að skilja

### Framsöguháttur

| Nútið      | Þátið     | Framtíð    | Sögotíð   |
|------------|-----------|------------|-----------|
| capisc-o   | cap-ivo   | cap-irò    | cap-ii    |
| capisc-i   | cap-ivi   | cap-irai   | cap-isti  |
| capisc-e   | cap-iva   | cap-irà    | cap-ì     |
| cap-iamo   | cap-ivamo | cap-iremo  | cap-immo  |
| cap-ite    | cap-ivate | cap-irete  | cap-iste  |
| capisc-ono | cap-ivano | cap-iranno | cap-irono |

### Viðtengingarháttur

| Nútið      | Þátið      | Skildagatíð  | Boðháttur  |
|------------|------------|--------------|------------|
| capisc-a   | cap-issi   | cap-irei     | –          |
| capisc-a   | cap-issi   | cap-iresti   | cap-isci   |
| capisc-a   | cap-isse   | cap-irebbe   | cap-isca   |
| cap-iamo   | cap-issimo | cap-iremmo   | cap-iamo   |
| cap-iate   | cap-iste   | cap-ireste   | cap-ite    |
| capisc-ano | cap-issero | cap-irebbero | capisc-ano |

### Boðháttur

### Lýsingarhættir

Lh. þátiðar: cap-ito

Lh. nútiðar: cap-ente

Gerundio: cap-endo

## Óreglulegar sagnir

Óreglulegar sagnir enda nær allar á *-are*, *-ere* eða *-ire*, eins og reglulegar sagnir gera. Undantekningar eru fáeinar sagnir sem enda á *-arre*, *-orre* og *-urre*, til dæmis *tradurre*, að þýða eða túlka.

Hér á eftir eru sýndar beygingar fimmtán algengra óreglulegra sagna sem bæði taka breytingum í orðstofni og hafa nokkuð aðrar beygingarendingar en reglulegar sagnir. Óreglulegar sagnir er talsvert fleiri en þessar; nokkrar eru álíka óreglulegar og þær sem hér eru sýndar, en flestar eru þó einungis óreglulegar í stökum tíðum eða háttum. Rétt eins og aðrar sagnir beygjast flestar óreglulegar sagnir með hjálparsögninni *avere* í samsettum tíðum og það er því tekið fram þegar svo er ekki.

Enda þótt óreglulegu sagnirnar sem hér eru sýndar hafi oft aðrar beygingarendingar en reglulegar sagnir eru beygingarendingar þeirra líka stundum reglulegar, þótt orðstofninn taki kannski breytingum. Til þess að leggja áherslu á þessa reglusemi í óreglunni eru beygingarendingarnar sýndar aðskildar frá orðstofni þegar þær fylgja reglunni. Þegar enginn aðskilnaður er gerður milli orðstofns og endingar er beygingarendingin á einhvern hátt óregluleg.

Sumar óreglulegar sagnir flakka á milli flokka í beygingarendingum, til að mynda *-are* sögnin *dare* sem í þátíð viðtengingarháttar beygist eins og regluleg *-ere* sögn. Hér er litið á þessa hegðun sem óreglulega og enginn aðskilnaður er gerður milli orðstofns og endingar.

Að vísu er ekki hægt að gefa neinar reglur um beygingu óreglulegra sagna, en þó má benda á tvennt sem vert er að gæta að:

- Þátíð sagnanna er regluleg, bæði í framsöguhátt og viðtengingarhátt. Undantekning er óreglulegasta sögnin, *essere*, og fyrrnefnt frávik *dare* í viðtengingarhátt.
- Framtíð allra sagnanna er óregluleg og svo er um yfirleitt um óreglulegar sagnir. Algengt er að sleppa úr innskotshljóðunum (í stað *av-erò* kemur *avró*) og því fylgir stundum tvöföldun samhljóða (í stað *bev-erò* kemur *berrò*).

### **andare** – að fara

| Framsöguháttur |           |          |           |
|----------------|-----------|----------|-----------|
| Nú tíð         | Þátíð     | Framtíð  | Sögutíð   |
| vad·o          | and·avo   | andrò    | and·ai    |
| va·i           | and·avi   | andrai   | and·asti  |
| v·a            | and·ava   | andrà    | and·ò     |
| and·iamo       | and·avamo | andremo  | and·ammo  |
| and·ate        | and·avate | andrete  | and·aste  |
| vanno          | and·avano | andranno | and·arono |

| Viðtengingarháttur |            |             | Boðháttur |
|--------------------|------------|-------------|-----------|
| Nú tíð             | Þátíð      | Skildagatíð | Nú tíð    |
| vada               | and·assi   | andrei      | –         |
| vada               | and·assi   | andresti    | vai       |
| vada               | and·asse   | andrebbe    | vada      |
| and·iamo           | and·assimo | andremmo    | and·iamo  |
| and·iate           | and·aste   | andreste    | and·iate  |
| vadano             | and·assero | andrebbero  | vadano    |

| Lýsingarháttir |  |
|----------------|--|
|----------------|--|

Lh. þátíðar: and·ato

Hjálparsögn: essere

Lh. nútíðar: and·ante

Gerundio: and·ando

## **avere** – að hafa

| Framsöguháttur |          |         |           |
|----------------|----------|---------|-----------|
| Nútið          | Pátíð    | Framtíð | Sögotíð   |
| h-o            | av·evo   | avrò    | ebbi      |
| ha-i           | av·evi   | avrai   | av·esti   |
| ha             | av·eva   | avrà    | ebbe      |
| abb·iamo       | av·evamo | avremo  | av·emmo   |
| av·ete         | av·evate | avrete  | av·este   |
| hanno          | av·evano | avranno | ebb·erono |

| Viðtengingarháttur |           |             | Boðháttur |
|--------------------|-----------|-------------|-----------|
| Nútið              | Pátíð     | Skildagatíð | Nútið     |
| abbi·a             | av·essi   | avrei       | –         |
| abbi·a             | av·essi   | avresti     | abb·i     |
| abbi·a             | av·esse   | avrebbe     | abbi·a    |
| abb·iamo           | av·essimo | avremmo     | abb·iamo  |
| abb·iate           | av·este   | avreste     | abbiate   |
| abbi·ano           | av·essero | avrebbero   | abbi·ano  |

| Lýsingarhættir      |                      |
|---------------------|----------------------|
| Lh. pátíðar: av·uto | Lh. nútiðar: av·ente |
|                     | Gerundio: av·endo    |

## **bere** – að drekka (var upprunalega *bevere*)

| Framsöguháttur |           |          |                    |
|----------------|-----------|----------|--------------------|
| Nútið          | Pátíð     | Framtíð  | Sögotíð            |
| bev·o          | bev·evo   | berrò    | bevvi/bev·etti     |
| bev·i          | bev·evi   | berrai   | bev·esti           |
| bev·e          | bev·eva   | berrà    | bevve/bev·ette     |
| bev·iamo       | bev·evamo | berremo  | bev·emmo           |
| bev·ete        | bev·evate | berrete  | bev·este           |
| bev·ono        | bev·evano | berranno | bevvero/bev·ettero |

| Viðtengingarháttur |            |             | Boðháttur |
|--------------------|------------|-------------|-----------|
| Nútið              | Pátíð      | Skildagatíð | Nútið     |
| bev·a              | bev·essi   | berrei      | –         |
| bev·a              | bev·essi   | berresti    | bev·i     |
| bev·a              | bev·esse   | berrebbe    | bev·a     |
| bev·iamo           | bev·essimo | berremmo    | bev·iamo  |
| bevete             | bev·este   | berreste    | bev·ete   |
| bev·ano            | bev·essero | berrebbero  | bev·ano   |

| Lýsingarhættir       |                       |
|----------------------|-----------------------|
| Lh. pátíðar: bev·uto | Lh. nútiðar: bev·ente |
|                      | Gerundio: bev·endo    |

## **dare** – að gefa

| Framsöguháttur |         |         |                 |
|----------------|---------|---------|-----------------|
| Nútið          | Pátíð   | Framtíð | Sögutíð         |
| d·o            | d·avo   | darò    | diedi/detti     |
| da·i           | d·avi   | darai   | desti           |
| d·à            | d·ava   | darà    | diede/dette     |
| d·iamo         | d·avamo | daremo  | demmo           |
| d·ate          | d·avate | darete  | deste           |
| danno          | d·avano | daranno | diedero/dettero |

| Viðtengingaráttur |         |             | Boðháttur |
|-------------------|---------|-------------|-----------|
| Nútið             | Pátíð   | Skildagatíð | Nútið     |
| dia               | dessi   | darei       | –         |
| dia               | dessi   | daresti     | dai       |
| dia               | desse   | darebbe     | dia       |
| d·iamo            | dessimo | daremmo     | d·iamo    |
| d·iate            | deste   | dareste     | d·ate     |
| diano             | dessero | darebbero   | diano     |

| Lýsingarhættir     |                     |
|--------------------|---------------------|
| Lh. pátíðar: d·ato | Lh. nútíðar: d·ante |
|                    | Gerundio: d·ando    |

## **dire** – að segja (var upprunalega *dicere*)

| Framsöguháttur |           |         |          |
|----------------|-----------|---------|----------|
| Nútið          | Pátíð     | Framtíð | Sögutíð  |
| dic·o          | dic·evo   | dirò    | dissi    |
| dic·i          | dic·evi   | dirai   | dic·esti |
| dic·e          | dic·eva   | dirà    | disse    |
| dic·iamo       | dic·evamo | diremo  | dic·emmo |
| dite           | dic·evate | direte  | dic·este |
| dic·ono        | dic·evano | diranno | dissero  |

| Viðtengingaráttur |            |             | Boðháttur |
|-------------------|------------|-------------|-----------|
| Nútið             | Pátíð      | Skildagatíð | Nútið     |
| dic·a             | dic·essi   | direi       | –         |
| dic·a             | dic·essi   | diresti     | di        |
| dic·a             | dic·esse   | direbbe     | dic·a     |
| dic·iamo          | dic·essimo | diremmo     | dic·iamo  |
| dic·iate          | dic·este   | direste     | dite      |
| dic·ano           | dic·essero | direbbero   | dic·ano   |

| Lýsingarhættir     |                       |
|--------------------|-----------------------|
| Lh. pátíðar: detto | Lh. nútíðar: dic·ente |
|                    | Gerundio: dic·endo    |

## dovere – að þurfa

| Framsöguháttur |           |          |                       |
|----------------|-----------|----------|-----------------------|
| Nútið          | Þátið     | Framtíð  | Sögutíð               |
| dev-o          | dov-evo   | dovrò    | dov-ei/ dov-etti      |
| dev-i          | dov-evi   | dovrai   | dov-esti              |
| dev-e          | dov-eva   | dovrà    | dov-è/ dov-ette       |
| dobb-iamo      | dov-evamo | dovremo  | dov-emmo              |
| dov-ete        | dov-evate | dovrete  | dov-este              |
| dev-ono        | dov-evano | dovranno | dov-erono/ dov-ettero |

| Viðtengingaráttur |            |             | Boðháttur |
|-------------------|------------|-------------|-----------|
| Nútið             | Þátið      | Skildagatíð | Nútið     |
| debb-a            | dov-essi   | dovrei      | –         |
| debb-a            | dov-essi   | dovresti    | dev-i     |
| debb-a            | dov-esse   | dovrebbe    | debb-a    |
| dobb-iamo         | dov-essimo | dovremmo    | dobb-iamo |
| dobb-iate         | dov-este   | dovreste    | dev-ete   |
| debb-ano          | dov-essero | dovrebbero  | debb-ano  |

| Lýsingarhættir                  |                       |
|---------------------------------|-----------------------|
| Lh. þátiðar: dov-uto            | Lh. nútiðar: dov-ente |
| Hjálparsögn: Ýmist, sjá bls. 40 | Gerundio: dov-endo    |

## essere – að vera

| Framsöguháttur |         |         |         |
|----------------|---------|---------|---------|
| Nútið          | Þátið   | Framtíð | Sögutíð |
| son-o          | ero     | sarò    | fui     |
| se-i           | eri     | sarai   | fosti   |
| è              | era     | sarà    | fu      |
| s-iamo         | eravamo | saremo  | fummo   |
| si-ete         | eravate | sarete  | foste   |
| s-ono          | erano   | saranno | furono  |

| Viðtengingaráttur |         |             | Boðháttur |
|-------------------|---------|-------------|-----------|
| Nútið             | Þátið   | Skildagatíð | Nútið     |
| si-a              | fossi   | sarei       | –         |
| si-a              | fossi   | saresti     | si-i      |
| si-a              | fosse   | sarebbe     | si-a      |
| s-iamo            | fossimo | saremmo     | s-iamo    |
| s-iate            | foste   | saresti     | si-ate    |
| si-ano            | fossero | sarebbero   | si-ano    |

| Lýsingarhættir      |                       |
|---------------------|-----------------------|
| Lh. þátiðar: stato  | Lh. nútiðar: ess-ente |
| Hjálparsögn: essere | Gerundio: ess-endo    |

## **fare** – að gera, að framkvæma (var upprunalega *facere*)

### Framsöguháttur

| Nútið     | Þátið     | Framtíð | Sögutíð  |
|-----------|-----------|---------|----------|
| facci-o   | fac-evo   | farò    | feci     |
| fa-i      | fac-evi   | farai   | fac-esti |
| fa        | fac-eva   | farà    | fece     |
| facc-iamo | fac-evamo | faremo  | fac-emmo |
| fate      | fac-evate | farete  | fac-este |
| fanno     | fac-evano | faranno | facero   |

### Viðtengingaráttur

| Nútið     | Þátið      | Skildagatíð | Nútið     |
|-----------|------------|-------------|-----------|
| facci-a   | fac-essi   | farei       | –         |
| facci-a   | fac-essi   | faresti     | fa-i      |
| facci-a   | fac-esse   | farebbe     | facci-a   |
| facc-iamo | fac-essimo | faremmo     | facc-iamo |
| facc-iate | fac-este   | fareste     | fate      |
| facci-ano | fac-essero | farebbero   | facci-ano |

### Boðháttur

### Lýsingarhættir

Lh. þátiðar: fatto

Lh. nútiðar: fac-ente

Gerundio: fac-endo

## **potere** – að geta

### Framsöguháttur

| Nútið     | Þátið     | Framtíð  | Sögutíð              |
|-----------|-----------|----------|----------------------|
| poss-o    | pot-evo   | potrò    | pot-ei/pot-etti      |
| puo-i     | pot-evi   | potrai   | pot-esti             |
| può       | pot-eva   | potrà    | pot-é\pot-ette       |
| poss-iamo | pot-evamo | potremo  | pot-emmo             |
| pot-ete   | pot-evate | potrete  | pot-este             |
| poss-ono  | pot-evano | potranno | pot-erono/pot-ettero |

### Viðtengingaráttur

| Nútið     | Þátið      | Skildagatíð | Nútið |
|-----------|------------|-------------|-------|
| poss-a    | pot-essi   | potrei      |       |
| poss-a    | pot-essi   | potresti    |       |
| poss-a    | pot-esse   | potrebbe    |       |
| poss-iamo | pot-essimo | potremmo    |       |
| poss-iate | pot-este   | potreste    |       |
| poss-ano  | pot-essero | potrebbero  |       |

### Boðháttur

### Lýsingarhættir

Lh. þátiðar: pot-uto

Hjálparsögn: Ýmist, sjá bls. 40

Lh. nútiðar: pot-ente

Gerundio: pot-endo



## **sapere** – að vita

| Framsöguháttur |           |          |          |
|----------------|-----------|----------|----------|
| Nútið          | Pátíð     | Framtíð  | Sögutíð  |
| s·o            | sap·evo   | saprò    | seppi    |
| sa·i           | sap·evi   | saprai   | sap·esti |
| sa             | sap·eva   | saprà    | seppe    |
| sapp·iamo      | sap·evamo | sapremo  | sap·emmo |
| sap·ete        | sap·evate | saprete  | sap·este |
| sanno          | sap·evano | sapranno | seppero  |

| Viðtengingaráttur |            |             | Boðháttur |
|-------------------|------------|-------------|-----------|
| Nútið             | Pátíð      | Skildagatíð | Nútið     |
| sappi·a           | sap·essi   | saprei      | –         |
| sappi·a           | sap·essi   | sapresti    | sapp·i    |
| sappi·a           | sap·esse   | saprebbe    | sappi·a   |
| sapp·iamo         | sap·essimo | sapremmo    | sapp·iamo |
| sapp·iate         | sap·este   | sapreste    | sap·ete   |
| sappi·ano         | sap·essero | saprebbero  | sappi·ano |

| Lýsingarhættir       |                        |
|----------------------|------------------------|
| Lh. þátíðar: sap·uto | Lh. nútíðar: sapi·ente |
|                      | Gerundio: sap·endo     |

## **stare** – að vera (til staðar)

| Framsöguháttur |          |          |          |
|----------------|----------|----------|----------|
| Nútið          | Pátíð    | Framtíð  | Sögutíð  |
| st·o           | st·avo   | starò    | stetti   |
| sta·i          | st·avi   | starai   | stesti   |
| st·a           | st·ava   | starà    | stette   |
| st·iamo        | st·avamo | staremo  | stemmo   |
| st·ate         | st·avate | starete  | steste   |
| stanno         | st·avano | staranno | stettero |

| Viðtengingaráttur |          |             | Boðháttur |
|-------------------|----------|-------------|-----------|
| Nútið             | Pátíð    | Skildagatíð | Nútið     |
| stia              | stessi   | starei      | –         |
| stia              | stessi   | staresti    | stai      |
| stia              | stesse   | starebbe    | stia      |
| st·iamo           | stessimo | staremmo    | st·iamo   |
| st·iate           | steste   | stareste    | st·ate    |
| stiano            | stessero | starebbero  | stiano    |

| Lýsingarhættir      |                      |
|---------------------|----------------------|
| Lh. þátíðar: st·ato | Lh. nútíðar: st·ante |
|                     | Gerundio: st·ando    |

## **tradurre** – að þýða, túlka

| Framsöguháttur |              |             |             |
|----------------|--------------|-------------|-------------|
| Nútið          | Þátið        | Framtíð     | Sögutíð     |
| traduc-o       | traduc-evo   | tradurrò    | tradussi    |
| traduc-i       | traduc-evi   | tradurrai   | traduc-esti |
| traduc-e       | traduc-eva   | tradurrà    | tradusse    |
| traduc-iamo    | traduc-evamo | tradurremo  | traduc-emmo |
| traduc-ete     | traduc-evate | tradurrete  | traduc-este |
| traduc-ono     | traduc-evano | tradurranno | tradussero  |

| Viðtengingaráttur |               |               | Boðháttur   |
|-------------------|---------------|---------------|-------------|
| Nútið             | Þátið         | Skildagatíð   | Nútið       |
| traduc-a          | traduc-essi   | tradurrei     | –           |
| traduc-a          | traduc-essi   | tradurresti   | traduc-i    |
| traduc-a          | traduc-esse   | tradurrebbe   | traduc-a    |
| traduc-iamo       | traduc-essimo | tradurremmo   | traduc-iamo |
| traduc-iate       | traduc-este   | tradurreste   | traduc-ete  |
| traduc-ano        | traduc-essero | tradurrebbero | traduc-ano  |

| Lýsingarhættir        |                          |
|-----------------------|--------------------------|
| Lh. þátíðar: tradotto | Lh. nútiðar: traduc-ente |
|                       | Gerundio: traduc-endo    |

## **uscire** – að fara út

| Framsöguháttur |           |            |           |
|----------------|-----------|------------|-----------|
| Nútið          | Þátið     | Framtíð    | Sögutíð   |
| esc-o          | usc-ivo   | usc-irò    | usc-ii    |
| esc-i          | usc-ivi   | usc-irai   | usc-isti  |
| esc-e          | usc-iva   | usc-irà    | usc-ì     |
| usc-iamo       | usc-ivamo | usc-iremo  | usc-immo  |
| usc-ite        | usc-ivate | usc-irete  | usc-iste  |
| esc-ono        | usc-ivano | usc-iranno | usc-irono |

| Viðtengingaráttur |            |              | Boðháttur |
|-------------------|------------|--------------|-----------|
| Nútið             | Þátið      | Skildagatíð  | Nútið     |
| esc-a             | usc-issi   | usc-irei     | –         |
| esc-a             | usc-issi   | usc-iresti   | esc-i     |
| esc-a             | usc-isse   | usc-irebbe   | esc-a     |
| usc-iamo          | usc-issimo | usc-iremmo   | usc-iamo  |
| usc-iate          | usc-iste   | usc-ireste   | usc-ite   |
| esc-ano           | usc-issero | usc-irebbero | esc-ano   |

| Lýsingarhættir       |                       |
|----------------------|-----------------------|
| Lh. þátíðar: usc-ito | Lh. nútiðar: usc-ente |
| Hjálparsögn: essere  | Gerundio: usc-endo    |

## venire – að koma

| Framsöguháttur |           |          |          |
|----------------|-----------|----------|----------|
| Nútið          | Þátið     | Framtíð  | Sögutíð  |
| veng·o         | ven·ivo   | verrò    | venni    |
| vien·i         | ven·ivi   | verrai   | ven·isti |
| vien·e         | ven·iva   | verrà    | venne    |
| ven·iamo       | ven·ivamo | verremo  | ven·immo |
| ven·ite        | ven·ivate | verrete  | ven·iste |
| veng·ono       | ven·ivano | verranno | vennero  |

| Viðtengingarháttur |            |             | Boðháttur |
|--------------------|------------|-------------|-----------|
| Nútið              | Þátið      | Skildagatíð | Nútið     |
| veng·a             | ven·issi   | verrei      | –         |
| veng·a             | ven·issi   | verresti    | vien·i    |
| veng·a             | ven·isse   | verrebbe    | veng·a    |
| ven·iamo           | ven·issimo | verremmo    | ven·iamo  |
| ven·iate           | ven·iste   | verreste    | ven·ite   |
| veng·ano           | ven·issero | verrebbero  | veng·ano  |

| Lýsingarhættir      |                       |
|---------------------|-----------------------|
| Lh. þátiðar: venuto | Lh. nútiðar: ven·ente |
|                     | Gerundio: ven·endo    |

## volere – að vilja

| Framsöguháttur |           |          |          |
|----------------|-----------|----------|----------|
| Nútið          | Þátið     | Framtíð  | Sögutíð  |
| vogli·o        | vol·evo   | vorrò    | volti    |
| vuol·i         | vol·evi   | vorra    | vol·esti |
| vuol·e         | vol·eva   | vorrà    | volle    |
| vogli·iamo     | vol·evamo | vorremo  | vol·emmo |
| vol·ete        | vol·evate | vorrete  | vol·este |
| vogli·ono      | vol·evano | vorranno | vollero  |

| Viðtengingarháttur |            |             | Boðháttur  |
|--------------------|------------|-------------|------------|
| Nútið              | Þátið      | Skildagatíð | Nútið      |
| vogli·a            | vol·essi   | vorrei      | –          |
| vogli·a            | vol·essi   | vorresti    | vogli·i    |
| vogli·a            | vol·esse   | vorrebbe    | vogli·a    |
| vogli·iamo         | vol·essimo | vorremmo    | vogli·iamo |
| vogli·iate         | vol·este   | vorreste    | vogli·ate  |
| vogli·ano          | vol·essero | vorrebbero  | vogli·ano  |

| Lýsingarhættir                  |                       |
|---------------------------------|-----------------------|
| Lh. þátiðar: vol·uto            | Lh. nútiðar: vol·ente |
| Hjálparsögn: Ýmist, sjá bls. 40 | Gerundio: vol·endo    |